

Skólanámskrá

Grunnskólans í Hofgarði

2020 – 2022




Virðing

Vinátta

Jákvæðni

Metnaður



Efnisyfirlit

1.	Skólanámskrá Grunnskólans í Hofgarði.....	1
	Ágrip af sögu skólans.....	1
	Stefna Grunnskólans í Hofgarði.....	2
	Sérstaða skólans - framtíðarsýn	3
	Sýn skólans á velferð	3
	Skólabragur.....	5
	Grunnþættir menntunar í skólstarfinu.....	6
2.	Skólasamfélagið.....	11
	Menning og samfélag	11
	Skóladagatal	11
	Mat á skólstarfi.....	11
	Starfsþróun, símenntunaráætlun.....	12
	Stjórnun og starfslýsingar kennara.....	12
	Nemendaverndarráð og skólaráð	13
	Fræðslu- og félagssvið Sveitarfélagsins Hornafjarðar	13
	Mennta- og menningarmálaráðuneyti.....	14
	Aðalnámskrá grunnskóla og lög og reglugerðir.....	14
3.	Samskipti	15
	Samskipti við leikskóla – „Brúum bilið“	15
	Samskipti við Grunnskóla Hornafjarðar	15
	Samstarf við Tónskóla Hornafjarðar.....	16
	Samskipti við Menningarmiðstöð Hornafjarðar	16
	Kennarafundir.....	16
	Erlent samstarf	16
4.	Nám og kennsla	17
	Viðmiðunarstundatafla.....	17
	Kennsluhættir	18
	Námsmat	19
	Kennslufyrirkomulag	1
	Kennslugreinar	1
	Byrjendakennsla	12

Sérkennsla	14
Móttaka nýrra nemenda	15
Nýbúakennsla	16
Skólabókasafn.....	17
5. Forvarnir, stoðþjónusta og heilsugæsla	17
Forvarnir	17
Öryggi	18
Sérkennsla	19
Námsráðgjöf	19
Sálfræðiþjónusta	20
Talmeinafræðingur	20
Skólahjúkrun.....	20
Lyfjagjafir	21
Svefn og svefnþörf.....	21
Áfallaáætlun	21
6. Skólabragur.....	26
Uppeldi til ábyrgðar / jákvæð agastjórnun.....	27
Trúnaður	28
Útivist og hreyfing	28
Vettvangsnám og skólaferðalög	28
Félagslíf.....	28
Eineltisáætlun.....	29
Jafnréttissáætlun.....	32
Skólareglur.....	32
7. Samskipti heimilis og skóla.....	35
Foreldrar	35
Skólaráð	35
Viðtöl og vitnisburður	35
Heimanám	35
Forföll og leyfi.....	35
Heimili og skóli	36
Útivistarreglur barna og unglunga.....	36

1. Skólanámskrá Grunnskólans í Hofgarði

Í 29. grein laga um grunnskóla frá 2008 stendur m.a.: Í hverjum grunnskóla skal gefa út skólanámskrá og er skólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar og skal semja hana í samstarfi við kennara. Skólanámskrá er nánari útfærsla á Aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskólans og aðstæðum og skal endurskoða reglulega.

Heimasíða skólans er hofgardur.is og þar er skólanámskráin aðgengileg. Þeir sem vilja koma á framfæri ábendingum varðandi skólanámskrána eru beðnir um að gera það með því að hafa samband við skólastjóra eða senda tölvupóst til skólans.

Á skólasetningu er farið yfir starfsáætlun þar sem fram koma helstu þættir skólastarfsins og skóladagatal afhent.

Ágrip af sögu skólans

Óformleg barnakennsla hófst hér í Örafum árið 1888 en formlegur barnaskóli í sveitinni hófst árið 1891 og hefur starfað að mestu samfelld síðan.

Skólinn var með farskólafyrirkomulagi fram til ársins 1948. Hafði hann þá lengi verið með 6 mánaða starfstíma á ári, en tvískiptur, þannig að námstími hvers nemanda var 3 mánuðir. Árið 1948 var farskólinn lagður niður og tekinn upp fastur skóli á Hofi í nýju fundarhúsi á Grundinni á Hofi sem einnig var félagsheimili sveitarinnar. Í daglegu tali var skólinn nefndur Hofsskóli. 30. nóvember 1985 var nýbyggður Hofgarður vígður, og skólastarfsemin flutt þangað. Fljótlega hlaut skólinn formlegt nafn, Grunnskólinn í Hofgarði. Hofgarður er jafnframt félagsheimili sveitarinnar og hýsir ýmsa starfsemi, m.a. heilsugæslusel og bókasafn.

Fram til ársins 1965 komu börnin að jafnaði ekki fyrr en 10 ára í skólann. Fræðsluskylda hafði þó allengi verið miðuð við 7 ára aldur. Börn 7-10 ára nutu heimanáms og mættu til vorprófs. Samgöngur voru ekki auðveldar um sveitina á þessum tíma, og þau skólabörn, sem áttu heima annars staðar en á Hofi voru vistuð þar á bæjum, en heimavist var aldrei við skólann. Upp úr 1960 var tekinn upp daglegur akstur til og frá skóla, þó ekki frá Skaftafelli fyrr en 1969.

Á árunum 1950-1964 var unglíngadeild við skólann hluta úr vetri, þar sem kenndar voru valdar námsgreinar, aðallega íslenska og reikningur, og stundum handverk.

Fullnaðarprófið gildi sem lokapróf úr skólanum til vorsins 1969, en nemendur tóku það fermingarvorið, 14 ára. Eftir 1969 gildi barnapróf, sem nemendur tóku 13 ára og svo tók Nesjaskóli við, sem unglíngaskóli fyrir alla sveitahreppa í Austur-Skaftafellssýslu með 1. og 2. bekk, sem jafngiltu 8. og 9. bekk eftir að bekkjarskipulaginu var breytt, og grunnskólinn var gerður að 10 bekkjum í samfelldu námi. Hést sú skipan að nemendur

úr Öræfum tækju unglingsbökkina í Nesjaskóla þar til þær breytingar urðu í Hornafirði 1996 að Heppuskóli annaðist menntun allra unglings sýslunnar. Unglingarnir úr sveitunum höfðu áfram aðgang að heimavist í Nesjaskóla en voru í daglegum akstri í Heppuskóla. Heimavistin var flutt á Höfn árið 2005 og starfaði til ársins 2012, þá var hún lögð niður. Eftir það hafa nemendur úr Öræfum átt kost á vistunarúrræðum á heimilum á Höfn á vegum Grunnskóla Hornafjarðar, sem varð til við sameiningu Hafnarskóla og Heppuskóla á Höfn.

Leikskóladeild var starfrækt í Hofgarði frá árinu 1992, fyrst á vegum foreldra en síðar sem ein deild í Grunnskólanum í Hofgarði. Stutt hlé varð á starfsemi leikskólans vorið 2009 vegna þess hve fá börn á leikskólaaldri bjuggu í Öræfum en 2016 tók leikskóladeildin til starfa að nýju og hlaut nafnið Lambhagi.

Frá því byrjað var að kenna í Hofgarði, hefur mötuneyti verið starfrækt við grunnskólann og frá 2004 einnig fyrir leikskóladeild. Eftir að sund varð skyldunámsgrein í barnaskólum, kenndi Páll Björnsson á Fagurhólsmýri sund í nokkur ár í heimasundlaug. Síðar sóttu nemendur sundnámskeið lengst af til Hafnar, en vorið 1986 sóttu nemendur í fyrsta sinn sundnámskeið á Kirkjubæjarklaustri og var þá ekið fram og til baka. Árið 1994 var komið upp sundlaug í Svínafelli, Flosalaug, og var hún starfrækt til haustsins 2010. Á því tímabili hafa nemendur lært sund þar hjá aðkomusundkennara. Þegar tækifæri gefast er farið í sund með skólabörnin á öðrum tíma. Síðan 2011 hefur sundið verið kennt á námskeiði bæði haust og vor á Höfn.

Ávallt hefur verið gott samstarf milli skólans annars vegar og foreldra og annarra sveitunga hins vegar. Félagslíf skólans hefur notið góðs af þessu samstarfi og margir íbúar mæta á viðburði skólans þó þeir eigi ekki börn í skólanum.

Stefna Grunnskólans í Hofgarði.

Í Grunnskólanum í Hofgarði viljum við stuðla að jákvæðum skólabrag og að öll samskipti einkennist af gagnkvæmri virðingu, jafnrétti, jákvæðni og góðum starfsanda. Við skipulagningu skólastarfsins eru eftirfarandi atriði höfð að leiðarljósi:

- **Virðing:** einstaklingar eru ólíkir og lögð er áhersla á að allir séu metnir að verðleikum. Leitast er við að haga skólastarfinu í samræmi við þarfir og hæfileika hvers og eins.
- **Vinátta:** lögð er áhersla á félagslega færni; kurteisi í samskiptum, umhyggju og samvinnu. Með glöðu og hlýlegu viðmóti líður öllum betur og afköst verða meiri.
- **Jákvæðni:** lögð er áhersla á jákvætt viðhorf og að allir hafi val hverju svo sem þeir standa frammi fyrir í lífinu. Að velja að vera jákvæður er léttara og eykur líkurnar á lífshamingju.
- **Metnaður:** áhersla er lögð á að allir geri sitt besta og setji markið hátt.

Áhersla er lögð á að tengja námið bæði reynslu og umhverfi nemenda. Nemendur eru þjálfaðir í að tileinka sér gagnrýna hugsun eftir því sem aldur þeirra og þroski leyfir, jafnframt því sem þeir þjálfast sjálfstæði og virkni í náminu. Stefnt er að því að nemendur

geti sjálfir aflað sér upplýsinga og unnið sjálfstætt að verkefnum sínum með fjölbreyttum vinnubrögðum. Farið er í vettvangs- og fræðsluferðir þar sem nemendur upplifa umhverfið á fjölbreyttan hátt, fræðast um örnefni, gróður og dýralíf.

Skólinn nýtir sér menningu og tækifæri sem samfélagið hér býður upp á.

Hlutverk kennarans er fyrst og fremst fólgið í að skipuleggja, leiðbeina og aðstoða ásamt því að miðla þekkingu. Í skólanum nýtum við m.a. jákvæða agastjórnun og tókum mið af uppeldisstefnunni Uppeldi til ábyrgðar sjá bls. 51.

Sérstaða skólans - framtíðarsýn

Sérstaða skólans markast af staðsetningu hans og því fágæta umhverfi sem hann er í milli tveggja sanda: Skeiðarársands í vestri og Breiðamerkursands í austri, sunnan undir stærsta jökli landsins. Skólinn þjónar sveitinni Örafum. Milli austasta bæjarins Kvískerja og vestasta bæjarins Skaftafells eru u.þ.b 45 kílómetrar. Íbúar sveitarinnar hafa vanist því í gegnum tíðina að bjarga sér sjálfir því langt er í næstu þéttbýlisstaði og samgöngur oft erfiðar þó vissulega hafi þar orðið miklar breytingar síðustu áratugi. Aðal atvinnugrein sveitarinnar hefur lengi verið landbúnaður en á síðustu árum hefur ferðaþjónusta verið vaxandi og er orðin mikill drifkraftur í samfélaginu samhliða landbúnaði. Á þessum þáttum byggist sérstaða skólans. Mikil áhersla er lögð á tengslin við hina stórbrotnu náttúru í heimabyggð, að leyfa nemendum að njóta hennar og fræðast m.a. í vettvangsferðum og verkefnum tengdum þeim.

Grunnskólinn í Hofgarði er fámennur samkennsluskóli og hefur lengst af verið fyrir 1.-7. bekk sem skiptist í tvær bekkjardeildir. Nú geta nemendur í 8. – 10. bekk valið hvort þeir stunda námið í Grunnskólanum í Hofgarði eða í Grunnskóla Hornafjarðar.

Lögð er áhersla á góða samvinnu við Grunnskóla Hornafjarðar, t.d. með þátttöku nemenda héðan í vettvangsferðum þeirra, heimsóknum í skólann og fleira. Nemendum í 10. bekk er boðið uppá kynningu í Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýlu, FAS.

Húsnæði skólans er um 500m² og hefur möguleika á nýtingu sem skóli, leikskóli, bókasafn, félagsheimili, og heilsugæslusel sveitarinnar. Skólalóðin er afgirt og á henni er fótboltavöllur, leiktæki og stórt leiksvæði.

Sýn skólans á velferð

Samkvæmt reglugerð um ábyrgð og skyldur nr. 1040/2011 skulu skólar vinna sameiginlega sýn og stefnu og birta í skólanámskrá. Allir geta verið sammála um að nemendur eiga rétt á að eiga góðar minningar úr skóla hvort sem er í námi, félagslífi eða tilfinningalega. Góður árangur í námi hefur jákvæð áhrif á heilsufar barnsins. Barn sem býr við tilfinningalegt og félagslegt öryggi er líklegra til að ná árangri á eigin forsendum. Í grunnskóla viljum við leggja rækt við að vinna að almennri velferð nemenda og gegn andfélagslegri hegðun í hverju svo sem hún kann að birtast eins og einelti, öðru ofbeldi

og niðurlægingu. Leggja skal áherslu á styrkleika og hæfni með fjölbreyttum viðfangsefnum og starfsháttum.

Í skólasamfélaginu á nemandi að fá tækifæri til að þroska og nýta hæfileika sína og njóta bernsku sinnar. Skólinn á, í samstarfi við foreldra, að kappkosta að fylgjast með og efla alhliða þroska allra barna, veita þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og stuðla að öryggi þeirra og vellíðan.

Starfshættir skólans skulu mótast af umburðarlyndi og jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi og ábyrgð. Námsárangur byggir á forsendum nemandans sjálfs, samskiptum og samkennd með vinum og félögum og í samskiptum við kennara, annað starfsfólk sem og upplifun nemandans um eigin stöðu. Æskilegt er að nemandinn taki þátt í aðgerðum til að móta vinsamlegt umhverfi í skólanum.

Foreldrar eru hluti af skólasamfélaginu og er mikilvægt að traust og virðing ríki milli heimilis og skóla. Foreldrar nemenda skulu gæta hagsmuna barna sinna. Þeir skulu hafa náið samráð við starfsfólk skóla, fylgjast með skólagöngu barna sinna og veita þær upplýsingar sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð barnanna. Foreldrum ber að greina skólanum frá þeim þáttum sem kunna að hafa áhrif á námsframvindu, ástundun og hegðun, svo sem um vanlíðan barna sinna og áföll sem gætu haft áhrif á skólagöngu þeirra, sem og þegar breytingar verða á högum þeirra og aðstæðum.

Í reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum, nr. 1040/2011 segir að skólastjórnendum og kennurum beri að eiga samstarf við foreldra um hegðun, líðan og samskipti barna þeirra. Umsjónarkennarar skulu upplýsa foreldra reglulega um skólabrag og bekkjaranda og leita eftir uppbyggjandi samstarfi við foreldrahópinn um hvorutveggja. Skólar eiga að hafa frumkvæði að því að stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda. Kennurum og öðru starfsfólki ber að sýna fjölbreyttum fjölskyldugerðum, menningu og aðstæðum skilning og virðingu.

Í reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011 eru eftirfarandi markmið:

- Að nemendur geti notið bernsku sinnar í skólastarfi, notið hæfileika sinna og séu öruggir í öllu starfi á vegum skólans.
- Að stuðla að ábyrgð nemenda á eigin námi, hegðun og samskiptum með hliðsjón af aldri, þroska og aðstæðum að öðru leyti.
- Að allir í skólasamfélaginu kappkosti í sameiningu að stuðla að og viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag, þar sem öryggi, vellíðan og heilbrigði eru leiðarljós.
- Að stuðla að góðu samstarfi og samráði milli foreldra og skóla um nám nemenda, hegðun og samskipti og stuðla að gagnkvæmu trausti allra aðila í

skólasamfélaginu, gagnkvæmri virðingu, samábyrgð, kurteisri framkomu og tillitssemi.

- að hver grunnskóli setji sér skólareglur með skýrum viðbrögðum við brotum á reglunum, að úrræði og viðbrögð stuðli að jákvæðri hegðun og miði að því að rækta persónuþroska og hæfni nemenda.

Réttur barna : Allir nemendur eiga rétt á að stunda nám við sitt hæfi. Tækifærin eiga að vera jöfn óháð atgervi og aðstæðum hvers og eins. Jafnrétti til náms þýðir að nemandi eru sköpuð bestu skilyrði á hans forsendum, óháð félagslegri og námslegri stöðu. Nemendur eiga að njóta styrkleika sinna og þeim á að leiðbeina til að draga þá fram. Nemandi sem stöðugt upplifir að verða undir og ná ekki settu marki, finnur fyrir vanlíðan og vanmætti í skóla. Leggja skal áherslu á styrkleika barna og þörf þeirra fyrir vernd og leiðsögn fullorðinna. Skólum ber að sinna forvarnastarfi með því að stuðla markvisst að velferð barna og farsælli skólagöngu þeirra.

Samkvæmt barnalögum nr. 76/2003 á barn rétt á að lifa, þroskast og nóta verndar, umönnunar og annarra réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska og án mismununar af nokkru tagi. Óheimilt er að beita barn hvers kyns ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi. Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir um málefni þess. Barn á rétt á að láta skoðanir sínar í ljós í öllum málum sem það varðar og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur og þroska.

Í samningi Sameinuðu Þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 18/1992 segir að með hliðsjón af réttindum og skyldum foreldra eða lögráðamanna, skuldbinda aðildarríki sig til að tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.

Í barnaverndarlögum nr. 80/2002 segir að allir sem hafa með uppeldi og umönnun að gera skuli sýna þeim virðingu og umhyggju og óheimilt er með öllu að beita börn ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi. Það stendur einnig að hverjum þeim sem stöðu sinnar vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi, eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart. Sérstaklega á þetta við um þá sem koma að málefnum barna í skólasamfélaginu. Þeim er einnig skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna og gera viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu óviðunandi.

Skólabragur

Jákvæður skólabragur sem verndar og styrkir nemandann byggir meðal annars á þátttöku hans. Jákvætt námsumhverfi og gott skólahúsnæði stuðlar að góðum námsárangri. Það sem skiptir máli er að skólaumhverfi sé bjart og hlýtt, góð samskipti, að nemandi geti ávallt leitað til starfsfólks skólans.

Allir skólar skulu hafa heildstæða stefnu (reglugerð um grunnskóla nr. 1040/2011 7. grein.) fyrir skólann til að fyrirbyggja og bregðast við líkamlegu, andlegu og félagslegu ofbeldi og félagslegri einangrun. Skólum ber að setja sér aðgerðaráætlun gegn einelti með virkri viðbragðsáætlun til að takast á við eineltismál í skólanum. Áætlunin skal ná til allrar starfsemi og alls starfsfólks skólans. Einnig þarf áætlunin að ná til allra nemenda og styrkja þá til að bera virðingu hver fyrir öðrum, sýna tillitssemi og samkennd og taka afstöðu gegn einelti.

Grunnþættir menntunar í skólastarfinu.

Samkvæmt aðalnámskrá fyrir grunnskóla frá árinu 2011 eru sex grunnþættir sem eru leiðarljós við námskrárgerð. Þeir eru:

- læsi
- sjálfbærni
- heilbrigði og velferð
- lýðræði og mannréttindi
- jafnrétti
- sköpun.

Útfærsla skólans á grunnþáttum í menntun

Læsi: Læsi tengist kunnáttu og færni sem fólk þarfnast til þess að geta fært hugsun sína í letur og skilið prentaðan texta. Læsi í víðum skilningi vísar til þess að nemendur nái tókum á ýmsum táknerfum og miðlum. Við leggjum áherslu á lestur og ritun í fyrstu bekkjum grunnskólans; þar er grunnurinn lagður en áfram er unnið með þetta út alla skólagönguna. Nemendur eru hvattir til að velja sér bækur af bókasafni eftir sínu áhugasviði, frjáls lestur er eðlilegur hluti af skólastarfinu, sem og það að nemendur hlusti á kennara lesa framhaldssögur. Kennarar nýta tækifæri til að tala við nemendur um lífið og tilveruna, bæði í tengslum við framhaldssögur, námsefni, það sem efst er á baugi hverju sinni og ýmislegt sem tengist nærsamfélaginu.

Lögð er áhersla á að hjálpa nemendum við að velja lesefni við hæfi, sem fellur að áhugasviði þeirra en er hæfilega létt aflestrar. Nemendur hafa líka frelsi til að velja efni til birtingar í skólablaðið, þeir geta skrifað um áhugamál sín, búið til þrautir af ýmsum toga, með eða án myndastuðnings.

Þegar nemendur lesa reynir kennari að efla skilning á efninu með því að staldra við og ræða merkingu textans. Lestur er nýttur í flestum námsgreinum, t.d. með því að nemendur þurfa að fylgja uppskriftum í heimilisfræði, kynna sér ítarefni í samfélagsfræði o.s.frv. Myndlæsi er þjálfað m.a. með því að skoða súlurit og gröf af ýmsu tagi, teiknimyndasögur

í tungumálakennslu, túlka myndir og skrifa sögur út frá þeim. Upplýsinga- og tölvulæsi er eflt með því að fá nemendur til að afla sér heimilda af netinu. Tengsl læsis við heilbrigði og velferð felast fyrst og fremst í möguleikunum á að afla sér þekkingar og færni sem eflir heilsu og vellíðan ásamt því að geta tjáð sig.

Heilbrigði og velferð. Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Við reynum að stuðla að heilbrigði nemenda og velferð með því að leggja áherslu á daglega útivist og hreyfingu ásamt því að bjóða upp á hollan mat í hádeginu og ávexti á morgnana. Við ræðum um mikilvægi svefns, hvíldar, hreyfingu og góðs mataræðis bæði við nemendur og á foreldrafundum. Í náttúrufræði og heimilisfræði læra nemendur ýmislegt um líkama sinn og heilbrigðan lífsstíl. Þessi grunnþáttur hefur sterk tengsl við sjálfbærni og umhverfisvitund og liður í eflingu þeirra eru m.a. útivistardagar í skólastarfinu, t.d. berjaferð, Skaftafellsdagar, vinna í skólagarði og gönguferðir. Við grípum tækifæri og aukum útivist þegar vel viðrar og tilefni gefst til: skautuferðir, snjópotur, fótbolti o.fl. Reglulega eru gerðar kannanir á líðan nemenda og unnið úr niðurstöðum. Lögð er áhersla á að nemendur nýti áhugasvið sín í náminu, þannig að styrkleikar hvers og eins fái að njóta sín. Stuðlað er að jákvæðum samskiptum allra í skólanum. Góð samskipti og virðing milli manna eru lykilatriði fyrir velgengni í lífinu.

Sjálfbærni

Leiðin til sjálfbærni er að öðlast umhverfisvitund: skynja hvaða hegðun er við hæfi í náttúru og samfélagi, sé hófstíllt og sýni bæði fólki og umhverfi tillitssemi. Við förum yfir það með nemendum hve mikilvægt er að lifa í sátt við sjálfan sig, samfélagið og umhverfið. Sjálfbærni kemur inn í skólastarfið með því að styrkja tengsl nemendanna við nærumhverfi sitt, vera vakandi fyrir því hvernig mannauðurinn nýtist sem best og nýta það sem er fyrir hendi. Liður í því er flokkun á sorpi, ræktun á kartöflum og það að draga úr sóun á verðmætum. Í sjálfbærni er lögð áhersla á að nemendur séu opnir fyrir náttúrunni og læri að lesa hana og upplifa, hvernig hlutirnir komi saman, við gefum okkur tíma til að taka þátt í forvitni barnanna og hvað þeim finnst undursamlegt. Nemendur kynnist útivist í ýmsum veðrum, á ýmsum árstímum og læri að meta og njóta þess sem náttúran býður upp á allan ársins hring. Farið er yfir ólíkar aðstæður hjá mismunandi samfélögum heims. Einnig er lögð áhersla á nærumhverfið og þá þekkingu sem hver fjölskylda býr yfir, m.a. með því að bjóða eldra fólki í skólann og þátttöku allra í samfélaginu á skólaskemmtunum. Rætt er um mikilvægi þess að ganga ekki á náttúruauðlindir, taka ekki meira en svo að náttúran fái endurnýjað sig. Samstarf við Vatnajökulspjóðgarð er nýtt okkur til gagns, við höfum sótt fróðleik til nágretta innan sveitar og utan og fengið gestafyrirlesara þegar þeir hafa verið á svæðinu, m.a. vísindamenn frá Bretlandi. Við höfum lagt áherslu á að kynna þá möguleika sem nærumhverfið býður uppá í útivist og afþreyingu. Einnig höfum við

verið með skólagarð og höfum samstarf við bændur í nágrenninu til að kynna hefðbundnum búskap.

Sköpun

Sköpun er *ferli* sem byggist á *ímyndunaraflinu* og niðurstaðan er í senn *frumleg* og hefur *gildi*. Með því að vera skapandi í störfum sínum og tómsendum, hvert sem starfið er, getur fólk öðlast fullnægju og lífsgleði. Oft er litið svo á að sköpunarferlið sé samsett úr tveimur þáttum. Annars vegar að nota ímyndunaraflið, skoða möguleika, leita nýrra og frumlegra leiða. Hins vegar að virða fyrir sér verkið, velja úr það sem er áhugavert, nýtilegt, frumlegt eða skemmtilegt; að sjá hverju rétt sé að hafna og hvernig eigi að halda áfram. Til að meta vinnu sína og hugmyndir þarf nemandinn að geta tekið skref til baka og skoðað verk sín í margs konar samhengi og beitt gagnrýnni hugsun. Þjálfun í þessu fer m.a. fram í myndmennt þar sem nemendur velja hvaða verk sín þeir hengja upp, einnig fer slík þjálfun fram í ýmsum ritunarverkefnum og í tungumálakennslu.

Ýmist er talað um skapandi hugsun eða sköpun í verki og litið svo á að leggja þurfi ríka rækt við hvort tveggja í skólastarfi. Skólablað er unnið árlega þar sem nemendur fá tækifæri til skapandi skrifa, búa til verkefni og þrautir, birta teikningar o.fl. Á árshátíð taka nemendur þátt í að velja efni til flutnings, bæði leikþætti og söngva og fá tækifæri til að hanna leikmyndir og búninga.

Með viðfangsefnum sem gera kröfur um samþættingu námsgreina má ýta undir samvinnu og auka tækifæri nemenda á mörgum sviðum. Ýta má undir og efla sköpun með kennsluaðferðum sem kalla á þekkingarleit, sjálfstæðar athuganir, leik, samanburð, samskipti, flutning og miðlun. Ýmis þemaverkefni þar sem unnið er þvert á aldur gefa nemendum tækifæri til að nýta styrkleika og sköpun á margvíslegan hátt.

Við erum endalaust í sköpun í tengslum við lestur, við lesum úr textanum eftir okkar reynsluheimi og menningu. Með því að staldra við og velta fyrir sér hvað gerist næst í sögunni á sér stað ákveðin sköpun. Með sögugerð kemur persónusköpun og þegar sögur er búnar til þarf að skapa persónur og umhverfi; en það er líka mikil sköpun í gangi þegar leikið er með snjó eða sand. Oft búa nemendur til sína eigin leiki. Kennarar stuðla að sköpun í myndmennt, handmennt og tónlist. Sérstök áhersla er á sköpun í tengslum við árshátíð skólans og útgáfu skólablaðs.

Áhugi, forvitni og athygli eru þættir sem skipta máli í öllu námi og hafa gagnvirk áhrif hver á annan. Þannig hefur forvitinn og áhugasamur nemandi vakandi athygli á umhverfinu og nýtir upplifun sína til skapandi verka. Nemendur fá ýmis tækifæri til að vinna á sínu áhugasviði og tengja áhugamál sín inn í skólastarfið eftir því sem framast er unnt. Leikur er líka lykill að námi. Nemendur nýta oft frímínútur til skapandi leikja, þeir búa til leiki og nýta tilfallandi efnivið eins og snjó. Við höfum nokkrum sinnum fengið legónámskeið í skólann og það hefur stutt við skapandi leiki með kubba.

Skapandi nám snýst ekki um endalausa leit að frumlegum hugmyndum sem spretta úr tóminu. Það snýst um að þjálfast í að skoða, hlusta, muna og skilja umhverfið og að leyfa því að gerjast innra með sér. Það má því færa rök að því að hefðbundin staðreyndafræðsla sé líka mikilvægur þáttur sköpunar.

Skapandi nám styrkir skilning nemandans á heiminum með því að þjálfna nákvæma athygli og æfa hann í að greina umhverfið og samfélagið í minni sitt og túlkun. Í skólaferðalögum, vettvangsferðum, við bóklestur, sjónvarpsáhorf og í tölvuleikjum erum við að nema ólíka hluti sem geta verið mikilvægir engu að síður. Þetta safnast í minnisbankann og getur skilað sér síðar.

Í venjulegum kennslustundum sem og öllu skólastarfi eru mörg tækifæri til að finna viðfangsefni sem reyna á innsæi og skapandi hugsun. Miklu skiptir að grípa góð tækifæri til skapandi nálgunar eða umræðu með nemendum.

Jafnrétti og forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi

Grunnskólinn í Hofgarði fylgir jafnréttisáætlun Sveitarfélagsins Hornafjarðar (sbr. 22. og 23. gr. jafnréttislaga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla). Nemendur fá fræðslu um jafnréttismál þar sem sérstaklega er lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu og atvinnulífi. Allir nemendur fá sömu fræðslu og ráðgjöf óháð kyni í náms- og starfsfræðslu skólans.

Kynferðislegt ofbeldi er talin ein mesta ógn sem steðjar að lífi og heilsu barna á Íslandi og þá einkum stúlkna. Kennarar skólans nýta sér þá fræðslu sem þeir eiga aðgang að til að vinna gegn ofbeldi og til að bregðast rétt við ef slík tilvik koma upp og taka inn í skólann það fræðsluefni sem stendur til boða og ætlað er fyrir grunnskóla, s.s. leiksýningar, myndasýningar o.fl.

Nemendur fá að kynnast fjölmörgum trúarbrögðum og hefðum frá ólíkum menningarsvæðum.

Í fámenumum skóla sem þessum ræðst kennsluefnið að hluta til af þörfinni hverju sinni; þegar nýbúar koma í skólann er aukin íslenskukennsla sjálfsögð.

Allir hafa sínar veiku og sterku hliðar. Fötun er hluti af lífinu og skólinn kemur til móts við fatlaða nemendur eins og kostur er, á sama hátt og stöðugt er reynt að koma til móts við þarfir hvers og eins.

Lýðræði og mannréttindi

Lýðræði og mannréttindi eru kynnt fyrir nemendum. Lögð er áhersla á fræðslu um lýðræði og mannréttindi í víðu samhengi og hversu breytilegt það er milli menningarheima. Gert er ráð fyrir að fólk hafi ólíkar skoðanir, ólíkar þarfir og ólíkar óskir. Lýðræði er mikilvægt á

vettvangi skólans því leggja þarf grunn að því að þegar börnin verða fullorðin bíður þeirra að vera virkir þátttakendur í lýðræðissamfélagi. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni til að hafa áhrif á skólastarfið og samfélagið nær og fjær. Börnin eru hvött til að gagnrýna og skapa sér framtíðarsýn, en mikilvægt er að átta sig á að í skólum eru kennarar yfirmenn og því ekki jafningjar nemenda; langanir nemenda og óskir þurfa að skoðast í samhengi við námskrá skólans. Nemendur fá að velja ýmis viðfangsefni og reynt að koma til móts við áhugasvið þeirra eftir því sem hægt er, eftir því sem ofar dregur í aldri eykst ábyrgð þeirra á eigin námi. Ein leið til að innleiða lýðræði og mannréttindi í skólastarfið er vinna með heimspeki sem hvetur nemendur til að leita nýrra möguleika, rannsaka, rökstyðja og spyrja spurninga. Heimspeki í skólastarfi krefst þess að kennarinn sé reiðubúinn til að læra með nemendum og treysta þeim til að ráða ferðinni upp að vissu marki, nemendur þurfa einnig að treysta hver öðrum og geta unnið saman. Lýðræði er háð læsi á táknerfi og samskiptakerfi samfélagsins og mannréttindi eru auðvitað hluti af jafnrétti.

Markmið náms í ljósi ákvæða aðalnámskrár (sjá bls. 32-33 í aðalnámskrá)

Grunnskólinn í Hofgarði leitast við að undirbúa nemendur sína fyrir þátttöku í samfélaginu með því að efla sjálfstraust nemenda, auka þekkingu þeirra og færni og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Markmið skólans er að efla félagsfærni nemenda og undirbúa þá fyrir samvinnu og samstarf án þess að það komi niður á frumkvæði og sjálfstæðri hugsun. Lögð er áhersla á gott samstarf heimilis og skóla til að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.

Skólinn leggur áherslu á einstaklingsmiðað nám og að námið sé í samræmi við þarfir og aðstæður.



2. Skólasamfélagið

Menning og samfélag

Starf skólans skal tengjast samfélagi okkar og menningu en um leið skal skólinn rækta sjálfstæði sitt og sérstöðu. Menning annarra þjóða er kynnt eftir því sem námsefni og aðstæður bjóða upp á og lögð áhersla á að sýna henni virðingu.

Íslensk menning er þó höfð í öndvegi og leitast við að rækta skafftellska menningu. Með því að styrkja þann grunn sem við byggjum á, gefum við nemendum færi á að skilja og viðurkenna sérstöðu annarra.

Vettvangsheimsóknir innan sýslunnar tengja námið því sem er að gerast í umhverfinu. Mikilvægustu samskipti skólans eru við heimili barnanna.

Lykillinn að árangursríku skólastarfi er að allir í skólasamfélaginu beri sameiginlega ábyrgð á velferð og árangri nemenda.

Skóladagatal

Á hverju vori er skólastarf næsta skólaárs skipulagt og fært inn á skóladagatal Grunnskólans í Hofgarði sem skólanefnd samþykkir. Skóladagatal er síðan birt í starfsáætlun skólans sem er kynnt foreldrum og skólayfirvöldum. Skóladagatal miðast við 180 daga ár hvert en þar af eru 10 dagar sem nýttir eru til annars en hefðbundinnar kennslu. Hluti af þessum aukadögum fer í félagsstarf á kvöldin og um helgar og beinist m.a. að því að tengja saman félagslíf skólans og nærsamfélagsins.

Mat á skólastarfi

Í lögum um grunnskóla frá 2008 eru ákvæði um innra mat og ytra mat á skólastarfi. Á síðustu árum hefur verið lögð aukin áhersla á skipulegt mat á skólastarfinu í Hofgarði til að finna hvar styrkur og veikleiki skólans liggur. Í framhaldi af sjálfsmati er síðan unnin þróunar- og umbótaáætlun fyrir skólann. Byrjað var að vinna eftir sjálfsmatsáætlun haustið 2003 og var hún kynnt foreldrum og starfsmönnum í lok október 2003. Skólastarf í samkennsluskóla er í samfelldri þróun og kennsluhættir og val námsefnis tekur gjarnan mið af samkennslunni og nemendafjölda hverju sinni. Því er samfellt mat á skólastarfi, árangri nemenda, kennslutilhögun, val á námsefni og líðan nemenda í skólanum ekki síður mikilvægt í fámennum skóla en stórum árgangaskiptum skólum.

Á heimasíðu skólans hofgardur.is má finna sjálfsmatsáætlun skólans auk áfangaskýrslna og umbótaáætlana hverju sinni.

Starfsþróun, símenntunaráætlun

Í síbreytilegu þjóðfélagi er rík þörf á endurmenntun, hvaða starfi sem við gegnum. Til endurmenntunar telst hverskonar nám sem þroskar einstaklinginn, bæði persónulega og faglega en innan grunnskólans horfum við fyrst og fremst til endurmenntunar sem nýtist í starfi. Til endurmenntunar telst m.a. nám í viðurkenndum menntastofnunum, námskeið, fræðslufundir, kynnisferðir og annað sem hjálpað getur til við umbætur og skólaþróun. Grunnskólinn í Hofgarði gerir ekki sérstaka endurmenntunaráætlun en tekur virkan þátt í námskeiðum og fræðslufundum sem eru í boði á vegum skólaskrifstofu eða Grunnskóla Hornafjarðar. Starfsmenn skulu leitast við að laga sig að þeim kröfum sem starfið gerir til þeirra og skulu reiðubúnir að þjálfa sig til nýrra og breyttra verkefna. Starfsþróun er á ábyrgð starfsmanns og yfirmanns og skal m.a. sinnt með starfsmannasamtölum, símenntun og samvinnu. Starfsþróun og starfsöryggi tengist með beinum hætti. Stefnt skal að því að starfsmenn eigi kost á símenntun innan sem utan stofnunar til að auka þekkingu sína og faglega hæfni sem nýtist í starfi. Það er jafnt á ábyrgð starfsmanns og yfirmanns að viðhalda og bæta fagþekkingu og aðra þá sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi.

Grunnskólinn í Hofgarði fylgir starfsmannastefnu hjá sveitarfélaginu Hornafirði.

Stjórnun og starfslýsingar kennara

Við skólann starfar skólastjóri sem jafnframt er kennari og tveir aðrir kennarar. Sveitarfélagið Hornafjörður er ábyrgt fyrir starfsemi skólans gagnvart Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Fyrir hönd sveitarfélagsins er það skólanefnd með forstöðumann fræðslu- og félagssviðs sem eru í forsvari þegar kemur að rekstri skólans. Um helstu hlutverk starfsmanna má lesa í starfslýsingum sem birtast í starfsmannastefnu sveitarfélagsins. Allir starfsmenn skólans eru bundnir trúnaði gagnvart nemendum og því sem á sér stað í skólanum.

Rétt er að geta þess að ýmsir aðilar styðja við skólastarfið án þess þó að þeir tilheyri skólanum s.s. Vatnajökulspjóðgarður, Tónskóli Hornafjarðar, Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Grunnskóli Hornafjarðar.

Meginhlutverk kennara er kennslu- og uppeldisfræðilegt starf með nemendum, að vekja og viðhalda áhuga þeirra á námi, veita þeim handleiðslu á sem fjölbreytilegastan hátt og stuðla að góðum starfsanda og vinnufriði nemenda.

Í Aðalnámskrá segir að hver nemandi skuli hafa umsjónarkennara. Hlutverk umsjónarkennara er að bera ábyrgð á námi nemenda sinna, þroska þeirra, líðan og velferð. Hann þarf að vinna náið með öðrum kennurum og kynnast foreldrum nemenda sinna. Umsjónarkennari gegnir lykilhlutverki í farsælu samstarfi heimila og skóla og er megintengiliður milli skóla og heimila.

Nemendaverndarráð og skólaráð

Nemendaverndarráð er ekki starfandi við skólann. Vegna fámennis var sótt um undanþágu til Mennta- og menningamálaráðuneytisins frá stofnun nemendaverndarráðs. Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma innan hvers skóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda er lúta að sérfræðipjónustu, námsráðgjöf og skólaheilsugæslu. Nemendaverndarráð er í samráði við félagsþjónustu sveitarfélags og barnaverndaryfirvöld vegna málefna einstakra nemenda eftir því sem þurfa þykir.

Skólaráð er starfandi við skólann og fundar bæði vor og haust þar sem farið er yfir skóladagatal skólans og ýmsa starfsemi auk þess eru á hvorri önn almennur foreldrafundur og í 80-100% tilvika mætir forráðamaður, einn eða fleiri frá hverju heimili. Þar er hægt að koma á framfæri ábendingum við skóladagatal ef einhverjar eru.

Fræðslu- og félagsvið Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Undir Fræðslu- og tómsbundanefnd heyrja fræðslu- íþrótt- og tómsbundamál sveitarfélagsins. Málefni fatlaðra eru hluti félagsþjónustunnar.

Meginhlutverk:

- að sjá til þess að öll skólaskyld börn í sveitarfélaginu njóti lögboðinnar fræðslu,
- að staðfesta starfsáætlun skóla ár hvert,
- að fylgjast með framkvæmd náms og kennslu í sveitarfélaginu og gerð skólanámskrár og gera tillögur til skólastjóra og/eða sveitarstjórnar um umbætur í skólastarfi
- að fylgjast með og stuðla að því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu,
- að jafnan sé fyrir hendi viðeigandi húsnæði fyrir kennslu og annar aðbúnaður, þ.m.t. útvistar- og leiksvæði nemenda,
- að hafa eftirlit með að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt og gera tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur,
- að stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar.

Kennarar og foreldrar eiga rétt á að senda fulltrúa á fund nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Slíka fulltrúa kjósa kennarar og foreldrar þá hver úr sínum hópi, aðal- og varamann. Fulltrúa í skólanefnd má finna á heimasíðu Sveitarfélagsins Hornafjarðar <http://www2.hornafjordur.is/stjornsysla/Nefndirograd/>.

Lögð er áhersla á samstarf þeirra sem vinna við félagsþjónustu og starfsfólks á sviði fræðslumála. Samstarfinu er ætlað að tryggja sem jafnasta stöðu allra, burtséð frá fötlun og öðrum þáttum sem hamlað geta fólki í daglegu lífi. Skólaskrifstofan, í samvinnu við fræðslu- og tómsbundanefnd, annast daglegt eftirlit með skólahaldi og hefur umsjón með sérfræðipjónustu.

Fræðslustjóri er Ragnhildur Jónsdóttir. Skólasálfræðingur kemur reglulega til Hafnar, einu sinni til tvisvar í mánuði og er með þjónustu fyrir nemendur skólans. Talmeinafræðingur kemur tvisvar til þrisvar á ári til Hafnar og er í nokkra daga.

Grunnskólinn í Hofgarði hefur aðgang að allri ofantalinni sérfræðiþjónustu. Nánari upplýsingar um þjónustuna fást á heimasíðu Hornafjarðar,

<http://www.hornafjordur.is/stjornsysla/stjorn/nefndir-og-stjornir/>

Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Allir skólar skulu starfa eftir lögum um grunnskóla frá 2008, <http://www.menntamalaraduneyti.is/log-og-reglugerdir/> og fer Mennta- og menningarmálaráðuneytið með yfirstjórn þeirra <http://www.menntamalaraduneyti.is/>. Með útgáfu Aðalnámskrár mótar ráðuneytið heildarstefnu sem grunnskólum ber að fara eftir. Innan Aðalnámskrár hefur hver skóli þó ákveðið svigrúm og ber skólanámskráin vitni um þá sérstöðu sem skólinn skapar sér.

Aðalnámskrá grunnskóla og lög og reglugerðir

Aðalnámsskrá og lög og reglugerðir er varðar grunnskólann má sjá á vef Mennta- og menningarmálaráðuneytisins <http://www.menntamalaraduneyti.is>. Í henni er m.a. kveðið nánar á um uppeldishlutverk grunnskólans og meginstefnu í kennslu og kennsluskipan í samræmi við hlutverk grunnskólans.



3. Samskipti

Samstarf milli skólastiganna er mjög mikilvægt svo samfella skapist í námi barnanna. Ef einhverjar spurningar vakna varðandi skólaskipti hvetjum við foreldra og forráðamenn nemenda að hafa samband við skólana.

Samskipti við leikskóla – „Brúum bilið“

Lögð er áhersla á að hafa gott samstarf milli grunnskólans og leikskóladeildarinnar.

Markmið:

- Að viðhalda góðu samstarfi milli leik- og grunnskóla
- Að skapa samfellu í námi barna/nemenda á þessum tveimur skólastigum
- Að byggja upp gagnkvæman skilning og þekkingu á starfi kennaranna á hvoru skólastigi
- Að stuðla að vellíðan og öryggi barnanna við að fara úr leikskóla í grunnskóla
- Að leggja drög að farsælu námi barna með grunnþætti menntunar að leiðarljósi (sjá aðalnámskrá 2011)

Samkvæmt 16. grein laga um leikskóla (2008) skal sveitarstjórn koma á gagnvirku samstarfi leikskóla og grunnskóla. Í skólanámskrám skal gera grein fyrir samstarfi milli leikskóla og grunnskóla og hvernig skuli standa að færslu og aðlögun barna milli skólastiga.

Í 6. grein laga um grunnskóla (2008) er ákvæði um að skólanefnd eigi að stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla.

Í aðalnámskrá beggja skólastiga (2011) kemur fram að leikskólabörn eigi að fá tækifæri til að kynna umhverfi og starfi grunnskóla meðan þau eru enn í leikskóla og viðhalda góðum tengslum við leikskólann eftir að grunnskólanám hefst.

Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni foreldra og kennara beggja skólastiga þar sem velferð barnsins er í brennidepli. Kennarar á báðum skólastigum þurfa að kynna sér nám og starfsaðferðir hvers annars, leita leiða til að móta samstarf og skapa samfellu í námi barna í því augnamiði að auka sjálfstraust og styðja við nám þeirra.

Samskipti við Grunnskóla Hornafjarðar

Reynt er að hafa sem best samskipti við Grunnskóla Hornafjarðar. Nemendur í elstu árgöngum Grunnskólans í Hofgarði geta stundað nám í Grunnskóla Hornafjarðar eftir samkomulagi. Þeim er þá séð fyrir húsnæði þar og akstri heim um helgar.

Markmiðið með samskiptunum við Grunnskóla Hornafjarðar er að auðvelda skólaskiptin fyrir nemendur þegar þeir flytjast á milli sem og að víkka sjóndeildarhring starfsfólks í báðum skólunum. Grunnskólinn í Hofgarði er fámennur skóli og er hann því um margt ólíkur Grunnskóla Hornafjarðar. Nemendum í Grunnskólanum í Hofgarði er boðið upp á skólaheimsóknir á Höfn nokkra daga á ári eða eftir atvikum hverju sinni. Stöku sinnum hafa nemendur úr Grunnskóla Hornafjarðar komið í Hofgarð og tekið þátt í skólastarfi auk þess sem nemendahópar þaðan gista gjarnan í Hofgarði í skólaferðalögum út í Örnefi. Nemendum í Hofgarði býðst að taka þátt í nemendaferðum Grunnskóla Hornafjarðar.

Samskipti við FAS og aðra framhaldsskóla

Nemendum í 10.bekk býðst að fara í heimsókn í FAS og hitta námsráðgjafa ásamt foreldrum sínum þegar þeir huga að innritun í framhaldsskóla. Einnig eru kennarar tilbúnir til að aðstoða nemendur við umsóknir í þann framhaldsskóla sem þeir vilja og aðstoða þá við að kynna sér fjölbreyttar námsleiðir.

Samstarf við Tónskóla Hornafjarðar

Nemendur Grunnskólans í Hofgarði eiga kost á að læra á hljóðfæri í samstarfi við Tónskóla Hornafjarðar og er sú kennsla felld að daglegu skólaskipulagi í Hofgarði ár hvert.

Samskipti við Menningarmiðstöð Hornafjarðar

Nemendur hafa aðgang að söfnum Menningarmiðstöðvarinnar en söfnin eru gjarnan nýtt í skemmti- og menningarferðum austur á Höfn og nemendur geta fengið lánaðar bækur með sér heim. Við Grunnskólann í Hofgarði er einnig bókasafn sem nemendur hafa aðgang að.

Kennarafundir

Kennarafundur er haldnir reglulega og þar fyrir utan er daglegt samráð um skólastarfið. Áhersla er lögð á að sækja þau námskeið og fundi sem nýtast kennurum skólans.

Erlent samstarf

Grunnskólinn í Hofgarði tekur þátt í erlendu samstarfi eftir því sem tækifærin gefast. M.a. fara kennarar reglulega til útlanda á námskeið, sýningar o.fl. en auk þess hafa einstaklingar tekið þátt í einstökum samskiptaverkefnum með nemendum. Slík verkefni eru kynnt rækilega fyrir hlutaðeigandi aðilum hverju sinni.



4. Nám og kennsla

Viðmiðunarstundatafla

Eftirfarandi tafla sýnir viðmið sem Menntamálaráðuneytið gefur út og Grunnskólinn í Hofgarði tekur mið af henni við samningsgerð stundatöflu skólans.

Námsgreinar – Náms svið	1.-4. bekkur	5. - 7. bekkur	8. - 10 bekkur	Vikulegur kennslutími	Vikulegur kennslutími
	Heildartími í 1. - 4. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 5. - 7. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 8. - 10. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 1. - 10. bekk. Mínútur á viku	Hlutfall
Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt tákni	1.100	680	650	2.430	18,08%
Erlend tungumál; enska, danska eða önnur Norðurlandamál	80	460	840	1.380	10,27%
List- og verkgreinar	860	840	380	2.080	15,48%
Náttúrugreinar	440	340	300	1.080	8,04%
Skólaþróttir	480	360	360	1.200	8,93%
Samfélagsgreinar, trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði	580	600	360	1.540	11,46%
Stærðfræði	820	600	600	2.020	15,03%
Upplýsinga- og tæknimennt	120	160	80	360	2,68%
Til ráðstöfunar /Val	320	160	870	1.350	10,04%
Alls	4.800	4.200	4.440	13.440	100,00%

Viðmiðunarstundaskrá Grunnskólans í Hofgarði

Námssvið	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10
Danska							2	2	2	2
Enska	2	2	2	2	2	3	4	4	4	4
Smiðjur	6	6	6	6	6	6	6	6	6	6
Íslenska	7	7	7	7	6	6	5	5	5	5
Skólaípróttir	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4
Náttúrufræði og umhverfismennt	2	2	2	2	2	2	4	4	4	4
Samfélagsgreinar, lífsleikni, trúarbragðafræði, jafnréttismál og siðfræði	2	2	2	2	4	4	3	4	4	4
Stærðfræði	6	6	6	6	6	6	5	5	5	5
Upplýsinga-og tæknimennt	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Val –lestur og verkefni	2	2	2	2	5	5	1	2	2	2
Vikustundir alls	32	32	32	32	35	35	35	37	37	37

Kennsluhættir

Kennslan einkennist af samkennslu árganga. Bekkjardeildir eru tvær, eldri og yngri deild en stundum eru allir árgangar saman í kennslustofunni að vinna einstaklingsmiðuð verkefni eða hópverkefni. Stundum er aðeins önnur bekkjardeildin starfandi, það fer eftir

aldri og fjölda nemenda. Það er misjafnt hvernig börn læra og því mikilvægt að gefa þeim færi á að nema á fleiri en einn hátt: í samvinnu, sjálfstætt og með leiðsögn kennara. Kröfur um læsi eru sífellt að aukast í þjóðfélaginu á meðan samkeppni um tímann eykst. Mikið er lagt upp úr lestrarnámi nemenda og í upphafi grunnskóla er einkum um að ræða að ná tökum á undirstöðuatriðum í lestri og ritun.

Á síðari stigum grunnskólans er áherslan á lestur til gagns og ánægju og þar tengist lestrarþjálfunin upplýsingaöflun, öðru námi og kynningu bókmennta af ýmsu tagi. Foreldrar eru hvattir til að sinna vel lestrarþjálfuninni heima, lesa fyrir börnin og sjá til þess að börnin hafi alltaf nægilegt úrval af lesefni. Sérstaklega er minnt á bókasöfnin, bæði skólabókasafnið og Menningarmiðstöð Hornafjarðar, þar sem boðið er upp á mikið úrval barnabóka.

List- og verkgreinar eru kenndar í samkenndu árganga, einnig íþróttir og sund. Val á kennsluaðferðum tekur mið af þeim námshópi sem unnið er með ár hvert og reynt er að hafa sem fjölbreyttastar kennsluaðferðir, því fjölbreytni í kennsluaðferðum og framsetningu námsefnis vekur áhuga og athygli nemenda. Hæfileg blanda er af einstaklingsvinnu, paravinnu og hópinnu þar sem nemendur eru virkir þátttakendur.

Námsmat

Námsmat á alltaf að vera til að örva nemendur og auka áhuga þeirra á að gera betur og á einnig að aðstoða nemendur við námið og hvetja þá til sjálfsmats.

Fastir þættir eru miðsvetrarpróf og vorpróf, en einnig er lokapróf í hverri námsgrein eftir hvern lesgreinaáfangi.

Almennt námsmat skal miða við þau markmið er fram koma í námskrám nemenda og sýna stöðu þeirra og framfarir. Ekki er hægt að meta námsgengi og framfarir eingöngu með skriflegum prófum eða könnunum og því leggja kennarar stöðugt mat á nemendur þar sem horft er til hæfniviðmiða, virkni, vinnubragða, samvinnu og fleiri þátta sem skipta nemendum miklu máli í þroska og námi. Á vorin fá allir nemendur umsögn þar sem þessir þættir eru metnir.

Skil á námsmati getur ýmist verið í formi einkunna í bókstöfum, tölum eða umsögnum. Rannsóknir sýna að umsagnir eru líklegastar til að örva áhuga nemenda og því leggjum við áherslu á umsagnir í námsmati þó einkunnir séu þar einnig áberandi.

Á hverju skólaári eru samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk. Prófin eiga að gefa til kynna stöðu nemenda miðað við jafnaldra þeirra í landinu og vera leiðbeinandi fyrir kennsluna á skólaárinu.

Námsmatsaðferðir eru fjölbreyttar, endurspeglar áherslu í kennslu og taka mið af nemendahópum. Í námsmati eru annarsvegar metnar þær greinar sem kenndar eru í skólanum en hinsvegar sú lykilhæfni sem lögð er til grundvallar í námi. Nemendur og foreldrar fá formleg skil á námsmati í lok hvorrar annar.

Námsmati er skilað í bókstöfum þar sem skýring hvers bókstafs er:

A Framúrskarandi hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreina

B+ Nemandi hefur náð öllum viðmiðum einkunarinnar B og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunina A.

B Góð hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar.

C+ Nemandi hefur náð öllum viðmiðum einkunnarinnar C og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunina B

C Sæmileg hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar

D Hæfni og frammistöðu í námi ábótavant með hliðsjón af hæfniviðmiðum

Skýringar á bókstöfum í lykilhæfni eru:

A= Gerir sitt allra besta

B= Gerir vel

C= Leggur sig þokkalega fram

D= Leggur sig lítið fram

Lykilhæfnin skiptist í sex þætti, fimm þeirra eru lagðir til í Aðalnámskrá en þann sjötta leggur skólinn til í tengslum við uppeldi til ábyrgðar. Allir þættirnir eru jafn mikilvægir en farið er misjafnlega djúpt í þá eftir aldri nemenda. Lykilhæfnipættirnir sex eru:

1. **Tjáning og miðlun.** Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum.
2. **Skapandi og gagnrýnin hugsun.** Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, áræðni til að leita lausna og beita gagnrýninni hugsun og röksemdafærslu.
3. **Sjálfstæði og samvinna.** Hæfni nemenda til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.
4. **Nýting miðla og upplýsinga.** Hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýnin hátt.
5. **Ábyrgð og mat á eigin námi.** Hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.

6. **Dugnaður og þrautseigja.** Hæfni nemanda til að leita lausna og nálgast verkefni með jákvæðu viðhorfi jafnvel þó verkefni séu erfið og krefjandi. Að nýta tímann vel og gefast ekki upp.

Mikil áhersla er lögð á að vinna með lykilhæfnina og að matið á henni fari fram í nánu samstarfi nemenda, foreldra og kennara. Lykilhæfnipættirnir eru skilgreindir í bekkjarnámskrám í hverjum árgangi fyrir sig og þannig gerður aðgengilegri fyrir foreldra og nemendur. Lykilhæfnin felst ekki einungis í frammistöðu í tímum heldur einnig því hvernig nemendur standa sig í skólanum almennt, í félagslífi, frímínútum o.s.frv. Almennt má segja að þeir nemendur sem skora vel í lykilhæfnipáttum séu einnig líklegir til að standa sig vel í einstaka námsgreinum.



Lykilhæfni	Ábyrgð og mat á eigin námi	Tjáning og miðlun	Sjálfstæði og samvinna	Skapandi og gagnrýnin hugsun	Nýting miðla og upplýsinga	Dugnaður og þrautsegja
Skilgreining	Hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu. Það gerir hann með því að:	Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðandir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum. Það gerir hann með því að :	Hæfni til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn. Það gerir hann með því að :	Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, áræðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýninni hugsun og röksemdafærslu. Það gerir hann með því að:	Hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýninn hátt. Það gerir hann með því að :	Nemandi sýnir dugnað og þrautsegju með því að :
Dæmi um markmið í 1.bekk	<ul style="list-style-type: none"> Fylgja förmælum Passa upp á eigin sínar Leggja mat á vinnu sína 	<ul style="list-style-type: none"> Taka þátt í samræðum Hlusta á aðra Geta fært rök fyrir máli sínu 	<ul style="list-style-type: none"> Geta unnið í samstarfi við aðra Reyna fyrst sjálf/ur áður en beðið er um aðstoð Sýna kurteisi í samskiptum 	<ul style="list-style-type: none"> Vera skapandi við vinnu verkefna 	<ul style="list-style-type: none"> Afla sér upplýsinga á fjölbreytta vegu 	<ul style="list-style-type: none"> Leitast við að vera jákvæður í krefjandi verkefnum Gefast ekki upp
Markmið sem bætast við í 5. bekk	<ul style="list-style-type: none"> Nýta tíma sinn vel Setja sér markmið í námi 	<ul style="list-style-type: none"> Tjá hugsanir sínar munnlega, skriflega eða á annan hátt 	<ul style="list-style-type: none"> Leita lausna Leggja sitt af mörkum í hópstarfi 	<ul style="list-style-type: none"> Sýna frumkvæði Beita gagnrýninni hugsun 	<ul style="list-style-type: none"> Vinna úr upplýsingum Miðla upplýsingum til annarra Nýta sér mismunandi miðla 	<ul style="list-style-type: none"> Halda áfram þrátt fyrir krefjandi verkefni

Skýringar á bókstöfum í lykilhæfni er: **A**=Gerir sitt allra besta **B**=Gerir vel **C**=Leggur sig þokkalega fram **D**= Leggur sig lítið fram.

Kennslufyrirkomulag

Skólaárinu er skipt í tvær annir. Foreldrafundir eru einn á hvorri önn og foreldrum stendur til boða að fá einstaklingsviðtöl við kennara í tengslum við þá, eða hvenær sem þeir óska.

Vorönn lýkur með formlegum skólaslitum og afhendingu einkunna.

Nemendadagar eru 180 yfir veturinn.

Kennslugreinar

Hér kemur útskýring á helstu markmiðum þeirra kennslugreina sem kenndar eru við skólann, hvaða leiðir eru notaðar til að ná þessum markmiðum og með hvaða hætti námsmat á sér stað. Nánari útlistun á kennslu í hverjum árgangi er að finna í bekkjarnámskrám.

Íslenska

Markmið

Íslenskan er móðurmál flestra sem í landinu búa og þjóðtunga okkar. Í nútíma þjóðfélagi þar sem hnattvæðing ræður ríkjum er mikilvægt að hlúa að íslenskri tungu og styrkja málnotkun og tilfinningu barna fyrir tungumálinu.

Markmið í íslenskukennslu eru fjölmörg. Má þar nefna mikilvægi þess að nemendur öðlist góðan málskilning og noti gott mál á sem fjölbreyttastan hátt og að þeir öðlist góðan lesskilning og geti lesið bókmenntir og ljóð frá ólíkum tímum sér til gagns og ánægju. Lögð er áhersla á að nemendur læri helstu málfræði- og ritunarreglur og geti nýtt sér þá kunnáttu í mæltu og rituðu máli. Mikilvægt er að þeir verði færir um að tjá sig á skýran og skipulegan hátt bæði í rituðu og töluðu máli frammi fyrir bekkjarfélögum og stærri hópum. Áhersla er lögð á að nemendur temji sér snyrtilegan frágang og vandvirkni í vinnubrögðum um leið og þeir eru þjálfaðir í að nota bókasafn, bækur, handbækur, netið og tölvutæknina til að afla sér upplýsinga. Höfuðáhersla er lögð á heildstæða íslenskukennslu þar sem hún samþættist á eðlilegan hátt við allar greinar í skólanum.

Sérstaða Austur-Skaftafellssýslu í íslensku máli er kynnt ásamt þeim bókmenntum sem tengjast svæðinu.

Leiðir

Margvíslegar leiðir eru notaðar í íslenskukennslu. Nemendur á yngsta- og miðstigi eru þjálfaðir í lestri svo að þeir geti lesið texta skýrt og áheyrilega og tónfall sé í eðlilegu samræmi við talað mál og þeir nái góðum leshraða og öryggi í lestri. Nemendur eru þjálfaðir í nákvæmnislestri, leitarlestri og yfirlitslestri og í því að fara eftir flóknum skriflegum og munnlegum fyrirmælum. Nemendum eru kynntar ýmsar tegundir bókmennta og fjallað um hugtök í bókmenntum og ljóðum og þeir hvattir til að lesa sér til

ánægju. Þeir eru þjálfaðir í að skrifa texta af mismunandi gerðum og nýta sér reglur um uppbyggingu texta í skrifum sínum. Skólablað er gefið út á hverjum vetri í tengslum við árshátíð skólans þar sem allir nemendur leggja til efni í blaðið. Þar fær sköpun þeirra notið sín í ýmis konar frumsömdu efni. Á árshátíðinni fá nemendur æfingu í að koma fram fyrir áhorfendur og flytja texta, bæði eigin og annarra.

Nemendur á yngsta- og miðstigi fá skriftarkennslu og skriftarþjálfun svo þeir hafi tækifæri til að þjálfra góðan skriftarhraða og geti mótað áferðarfallega og læsilega skrift og temji sér vönduð vinnubrögð og snyrtilegan frágang.

Námsmat

Prófað er reglulega í hraðlestri, lesskilningi, málrækt, stafsetningu og skrift á yngsta- og miðstiginu. Einnig er prófað reglulega í bókmenntum og ljóðum á miðstiginu. Á efsta stigi er reglulega prófað í bókmenntum, stafsetningu, ritun og málrækt. Minnt er á að skrifleg próf geta aldrei sagt endanlega til um stöðu nemenda. Því er reglulega lagt mat á iðni nemenda, frágang og fleira sem skiptir meginmáli í skólastarfi.

Samræmd próf í íslensku eru í 4., 7. og 9. bekk.

Stærðfræði

Markmið

Stærðfræði er svo samofin menningu og þjóðfélagsháttum að lágmarkskunnátta í henni er hverjum manni nauðsynleg til að takast á við daglegt líf og störf og skilja umheim sinn. Allir þurfa t.d. að skilja mál og vog og að átta sig á fjármálum sínum.

Í upphafi skólagöngu byggist nám í stærðfræði á reynslu og þekkingu barnanna. Með tímanum þróast vinna þeirra og leikur þannig að þeim verður tamt að styðjast við stærðfræðileg hugtök og þau læra að nota táknmál hennar.

Ætlast er til að nemendur nái góðum tókum á völdum sviðum greinarinnar þannig að hún geti nýst þeim í daglegu lífi og til áframhaldandi náms. Ekki er síður mikilvægt að geta tekið afstöðu og metið upplýsingar af tölulegum toga ætli fólk að verða virkir þátttakendur í þjóðfélaginu. Til þess þarf þekkingu og rökvisi en umfram allt nægilegt sjálfstraust til að beita henni.

Mikilvægt er að nemendur geri sér grein fyrir að skýr röksemdafærsla og kerfisbundin framsetning er nauðsynleg vinnuaðferð í stærðfræði og því eru þeir þjálfaðir í að gera grein fyrir aðferðum sínum við lausn verkefna í mæltu og rituðu máli. Lögð er áhersla á að nemendur geri sér grein fyrir að stærðfræði getur verið vel fallin til að lýsa fyrirbærum og athuga þau. Þannig læri nemendur smám saman að beita stærðfræði í þeim tilgangi.

Eitt af markmiðum stærðfræðikennslunnar er að ýta undir jákvæðni í garð greinarinnar og það viðhorf að stærðfræði geti orðið nemendum uppspretta ánægju og vinnugleði.

Traust undirstaða í stærðfræði í grunnskóla er ómetanlegur grundvöllur undir allt nám.

Leiðir

Notaðar eru fjölbreyttar kennsluaðferðir þar sem áhersla er lögð á virkni nemenda, sjálfstæð vinnubrögð, samvinnu, alls konar spil, öflun upplýsinga og skráningu á fjölbreyttan hátt. Nemendur vinna að miklu leyti sjálfstætt, hver á sínum hraða, tveir saman eða fleiri en auk þess er bein kennsla í ákveðnum efnisþáttum.

Námsmat

Stærðfræði er metin með könnunum, munnlegum eða skriflegum með símati yfir veturinn, einnig er metin vinna og áhugi nemenda. Skrifleg próf eru í lok haust- og vorannar. Samræmd próf í stærðfræði eru í 4., 7. og 9. bekk.

Samfélagsgreinar

Markmið

Markmið samfélagsgreina er að gera nemendur læsa á umhverfi, samfélag, menningu og sögu, auka skilning þeirra á þeim reglum sem gilda í samfélagi manna. Til samfélagsgreina teljast landafræði, kristin fræði, saga og ýmsar félagsgreinar.

Leitast er við að styrkja þekkingu nemenda á náttúru, umhverfi og sögu heimabyggðar. Þar hefur sérstaklega verið horft til náttúrunnar og þeirra áhrifa sem hún hefur haft á mannfólk, þróun landslags og byggðar í gegnum tíðina.

Leiðir

Kennsluaðferðir samfélagsfræðinnar fyrstu árin eru samræða og frásögn, leikur, söngur og myndvinna, vettvangskannanir og ritað mál eftir því sem kunnáttu og þroska fleygir fram. Samfélagsgreinar henta vel til samþættingar við íslensku, náttúrufræði, kristin fræði og list og verkgreinar. Í tengslum við kynningu á umhverfi og sögu heimabyggðar njótum við samstarfs við Vatnajökulspjóðgarð í Skaftafelli, Þórbergssetur og söfn á Höfn. Sjálfbærni og virðing fyrir umhverfinu er hluti af þeirri vinnu sem er unnin í samstarfi við þjóðgarðinn.

Lögð er áhersla á virkni nemenda og skapandi hugsun, sjálfstæð vinnubrögð, samvinnu, öflun upplýsinga á margvíslegan hátt og að hafa fjölbreyttar leiðir í kennslunni.

Námsmat

Í vinnuferlinu er vinna nemenda metin, sem og hæfni þeirra til samstarfs, frumkvæði og virkni. Verkefni nemenda eru síðan metin í lok verkefnisins og stundum eru tekin próf til að kanna þekkingu nemenda á afmörkuðum atriðum í því námsefni sem stuðst hefur verið við. Einnig eru nemendur stundum sjálfir látnir meta hvernig til tókst.

Náttúrufræði

Markmið

Náttúrufræði spannar vítt svið og til náttúrufræða flokkast lífvísindi, efna- og eðlisvísindi og jarðvísindi.

Á yngsta stiginu er lögð áhersla á að nemendur kynnist þessum mismunandi þáttum náttúrufræðinnar og fái tækifæri til að vinna með og fjalla um viðfangsefni sem tilheyra þeim. Gjarnan er reynt að tengja viðfangsefnin reynsluheimi nemenda og daglegu lífi þeirra. Þannig er leitast við að viðhalda og styrkja forvitni og áhuga nemenda á náttúrunni. Börn á þessum aldri eru yfirleitt næm og eftirtektarsöm á umhverfi sitt og þeim er eðlislægt að spyrja spurninga og leita svara.

Á miðstiginu er lögð áhersla á að nemendur öðlist þekkingu og skilning á margvíslegum þáttum náttúrufræðinnar. Nemendur kynnist og átti sig á samhengi í náttúrunni og lögð er áhersla á að námið eflí ábyrðartilfinningu nemenda gagnvart náttúru og umhverfi. Unnið er með helstu þætti náttúrufræði og lögð sérstök áhersla á líffræði mannsins og mikilvægi hollra lífshátta.

Á efsta stiginu er lögð áhersla á að nemendur geti tengt náttúrufræðina við önnur verkefni í skólanum. Þeir öðlist færni í að leita sér upplýsinga um náttúrufræðileg efni á margvíslegan hátt, s.s. með aðstoð fræðibóka, veraldarvefsins o.fl. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist þekkingu á vísindalegum aðferðum og færni við að beita þeim og geri sér grein fyrir því að maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans og framtíð byggist á gagnkvæmri ábyrgð og virðingu í samskiptum við náttúruna. Nemendur þurfa að kynnast og geta útskýrt margvísleg vísindaleg hugtök.

Leiðir

Notaðar eru fjölbreyttar kennsluaðferðir bæði í einstaklingsvinnu og hópvinnu. Lögð er áhersla á öflun og flokkun upplýsinga á vettvangi með tilraunum og í rituðum gögnum. Nemendur skulu þjálfaðir í nákvæmni í skráningu og mælingum, skipulögðu vinnuferli og skýrri framsetningu niðurstaðna.

Námsmat

Áhersla er lögð á stöðugt og fjölbreytt námsmat og tekið tillit til vinnubragða, virkni, áhuga og frammistöðu nemenda.

Erlend tungumál

Markmið

Ekki þarf að orðlengja nauðsyn þess að fámennar og einangraðar þjóðir eins og Íslendingar læri erlend tungumál. Kunnátta í erlendum tungumálum er nauðsynleg í daglegu lífi til upplýsingaöflunar og samskipta.

Helstu færniþættir tungumála eru hlustun, lestur, talað mál og ritun. Mikilvægt er að kenna þessa þætti saman með heildstæðum vinnubrögðum. Nemendur þurfa bæði að læra að beita tungumálinu og að læra ýmsar reglur sem tengjast notkun málsins.

Leiðir

Lögð er áhersla á fjölbreytni í kennsluaðferðum. Kennslan fer fram í hópvinnu, paravinnu og einstaklingsvinnu. Miklu skiptir að námið verði sem hagnýttast fyrir nemendur og að þeir geti nýtt sér tungumálakunnáttu sína t.d. til efnisöflunar, samskipta og afþreyingar.

Megináhersla í tungumálanámi skólans er á málnotkun, að nemendur öðlist fjölbreyttan orðaforða og geti beitt honum í samvinnu og samskiptum við aðra. Einnig er kennd málfærði og málnotkunarreglur sem tengjast vinnu með orðaforða.

Námsmat

Áhersla er lögð á fjölbreytt námsmat, bæði með símati þar sem metin eru verkefni sem verið er að vinna, árangur og virkni nemenda í kennslustundum. Í námsmati ber að taka á öllum fjórum færniþáttunum. Einnig er mat á orðaforða hluti af námsmati. Skv. aðalnámskrá er ekki æskilegt að formlegt námsmat eigi sér stað í 1. – 5. bekk. Námsmat á þessu skólastigi á fyrst og fremst að byggjast á símati kennarans. Formlegt námsmat fer fram í eldri bekkjum grunnskólans hins vegar er æskilegt að mat kennarans ásamt sjálfsmati nemenda sé hluti af því námsmati.

Í aðalnámskrá er bent á Evrópsku tungumálamöppuna þar sem bæði er að finna námsferlisskrá sem er eins konar leiðarþing fyrir sjálfsmat og tillögur að safnamöppu fyrir verkefni. Æskilegt er að nemendur öðlist smám saman færni í sjálfsmati. Þá færni þarf að byggja upp markvisst og með stuðningi kennarans og aftur er vísað í Evrópsku tungumálamöppuna. Samræmt próf er í ensku í 9. bekk.

Upplýsinga- og tæknimennt

Markmið

Upplýsingatækni og tölvunotkun eru þættir sem í auknum mæli setja svip sinn á allar greinar þjóðfélagsins. Það er því nauðsynlegt að slík tækni og vinnuaðferðir skipi viðeigandi sess í grunnskólanum. Tölvun er í æ ríkari mæli að verða sjálfsagt hjálpartæki í almennu námi og kennslu. Þar nýtist hún ýmist til að dýpka og auka skilning einstakra nemenda eða til að skapa fjölbreytni við þjálfun ýmissa námsþátta.

Með tölvutækninni verður æ auðveldara fyrir kennara og nemendur að afla upplýsinga og setja fram sínar eigin upplýsingar. Á netinu höfum við aðgang að hafsjó af upplýsingum og mikilvægt er að læra að vega og meta það sem þar er að finna. Í skólanum er auk þess lögð áhersla á að nemendur geri sér grein fyrir siðferðislegri og lagalegri ábyrgð sem fylgir því að vinna með þessar upplýsingar og tileinki sér tilhlýðilegar venjur og reglur þar um. Á netinu er einnig í boði margvíslegt afþreyingarefni og er þar oft hægt að sameina bæði gagn og gaman. Þar er einnig að finna mikið af óæskilegum upplýsingum og ærin ástæða er því til að hafa gott eftirlit með allri netvinnu nemenda.

Í skólanum er lögð áhersla á að nemendur geti tjáð sig á skipulagðan hátt með hverjum þeim miðli sem best hentar. Efla skal færni nemenda til að nýta tækjabúnað til þekkingarleitar og miðlunar. Þannig er lögð jöfn áhersla á tækni- og upplýsingalæsi og nemendur þar með búnir undir að takast á við upplýsingasamfélag sem er í sífelltri þróun.

Markmið tölvukennslunnar er að nemendur tileinki sér jákvæða afstöðu til tölvunotkunar, líti á tölvunotkun sem eðlilegan þátt náms og venjist því að nýta tölvur til upplýsingaleitar, samskipta og framsetningar á efni, bæði prentuðu og á rafrænu formi.

Vérlitunarkennsla

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla 1999, Upplýsinga- og tæknimennt, eiga nemendur að tileinka sér rétta fingrasetningu, líkamsbeitingu og blindskrift við innslátt tölvugagna. Nemendur fá þjálfun í þessum þáttum í gegnum vinnu í vérlitunarforritinu á nams.is og typing web, síðan vinna nemendur ýmis verkefni sem þjálfra ritvinnslu.

Leiðir

Lögð er áhersla á að kennsla í upplýsinga- og tæknimennt sé þverfagleg. Markmiðið er að tölvun sé notuð sem handhægt og sjálfsagt tæki til náms í sem flestum námsgreinum. Á yngsta- og miðstiginu gegna umsjónarkennarar lykilhlutverki í tölvunotkun nemenda. Þeir bera ábyrgð á að skipuleggja tölvunotkun og velja viðfangsefni sem fléttast inn í kennslu og nám í öðrum námsgreinum. Á efsta stiginu er það fagkennarinn sem gegnir lykilhlutverki í tölvukennslunni. Við val á viðfangsefnum er lögð áhersla á að þau séu í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í *aðalnámskrá grunnskóla*.

Forsenda þess að kennari geti orðið nemendum sínum að liði við söfnun, úrvinnslu og framsetningu upplýsinga og þekkingar á tölvutæku formi er að hann hafi sjálfur tileinkað sér slíkar aðferðir. Stefna skólans er því að allir kennarar og nemendur hafi sína tölvu til eigin nota við verkefni og geti notað tölvu sem sjálfsagt hjálpartæki í kennslu.

Námsmat

Vegna mikillar samþættingar við aðrar námsgreinar er námsmat að miklu leyti í höndum viðkomandi fag- eða umsjónarkennara.

Lífsleikni

Markmið

Lífsleikni á að stuðla að því að byggja upp alhliða þroska nemandans til þess að hann geti betur tekist á við kröfur og áskoranir daglegs lífs. Lífsleikni er þannig heiti margra námsþátta sem auðveldar nemendum að feta mismunandi leiðir að settum markmiðum. Þeir námsþættir sem fyrst og fremst er unnið með eru sjálfsþekking, samskipti, sköpun og lífsstíll annarsvegar og samfélag, umhverfi, náttúra og menning hinsvegar.

Eitt höfuðmarkmið lífsleikninnar er að þjálfar nemendur í að þekkja tilfinningar, bæði sínar eigin og annarra, og vinna með það hvernig tilfinningar hafa áhrif á hegðun og samskipti. Áhersla er lögð á að vinna með hugtök eins og vináttu, samvinnu, reglur og skyldur, dyggðir hvers konar og hverja þá þætti sem stuðla að sjálfsþekkingu og ýta undir sjálfstæði nemenda, styrkja þá í samskiptum og ýta undir heilbrigðan lífsstíl. Allir þessir þættir stuðla að forvörnum gegn einelti. Í eldri bekkjum er unnið með líkams- og persónubreytingar sem fylgja kynþroskanum og þá ábyrgð sem fylgir því að eldast.

Í lífsleikni er einnig lögð áhersla á að kynna nemendum mikilvægi einstaklingsins í samfélaginu og hve mikil áhrif lífsvenjur einstaklinganna hafa á samfélagið og umhverfið sem við búum í. Undir þetta atriði falla þættir eins og umferðarfræðsla, umhverfisvernd, slysavarnir, forvarnir hvers konar og margir fleiri þættir. Stefnt er að því að nemendur læri að virða reglur í samskiptum manna, skráðar og óskráðar, í leik og starfi í skólanum jafnt sem í samfélaginu almennt.

Leiðir

Lífsleikni er hluti af hverju fagi í skólanum og er lögð áhersla á að svo sé, sérstaklega fléttast hún inn í kristinfræði, bókmenntir og samfélagsfræði. Einnig er lögð áhersla á alla þætti lífsleikni námsefnis í daglegum samskiptum við nemendur utan hefðbundinna kennslustunda.

Námsmat

Mat í lífsleikni er með misjöfnum hætti. Fyrst og fremst er þó um símat að ræða þar sem kennarinn metur virkni og vinnubrögð er tengjast markmiðum námsins en einnig er horft á samskiptahæfni nemenda. Niðurstöður eru birtar í skriflegu mati við skólalok.

Tónmennt

Markmið

Í tónmennt er markmiðið að nemendur tileinki sér þekkingu á eðli tóna og hljóða, þ.e. tónhæð, tónlengd, hljómun, tónblæ, tónstyrk, formi og túlkun og geri sér grein fyrir framsetningu frumþáttanna í fjölbreyttri tónlist (tónbil, hrynur, tónklasar, tónmyndun, stef, formmótun o.s.frv.). Lögð er áhersla á að nemendur öðlist tæknilega færni og tjáningu, þ.e. hafi ákveðið vald á söng og raddbeitingu, lestri og ritun, hljóðfæranotkun, hreyfingu,

hlustun og sköpun. Mikilvægt er að nemendur geri sér grein fyrir því menningarlega samhengi sem fjölbreytt tónlist sprettur úr, á tónlistararfinum og helstu stefnum og straumum í tónlistarheiminum, þ.e. sögulegu og samfélagslegu samhengi tónlistar, helstu tónlistarstefnum, helstu hljóðfærum og íslenskum tónlistararfi. Einnig er mikilvægt að nemendur öðlist skilning og þekkingu á eðli tónlistar og hæfni til að hlusta, greina og meta fjölbreytta tónlist og leggja þannig grunn að persónulegu gildismati og fái þar með grundvöll til að hlusta á og hafa ánægju af tónlist, taka þátt í umræðum um tónlist og rökstyðja eigin skoðanir á tónlist.

Leiðir

Margvíslegar leiðir eru farnar við tónmenntarkennslu. Lögð er áhersla á að þjálfar nemendur í hrynjari og hreyfifærni, tónheyrn og söng og þar með vikkra raddsvið þeirra. Nemendur syngja og læra íslensk og erlend þjóðlög og algengustu lög og texta sem sungnir eru á Íslandi. Sérstök áhersla er á þessa vinnu í tengslum við árshátíð og þorablót skólans.

Ýmiss konar hlustunarefni er leikið fyrir nemendur svo þeir verði virkir hlustendur og kynnist margs konar tónlist. Helstu hljóðfæraflokkar eru kynntir fyrir nemendum, svo þeir þekki þá eftir sjón og heyrn. Nótningaritun og nóttnalestur er kynnt fyrir þeim svo þeir þekki og geti skráð hálfnotur, fjórðapartsnótur, áttundapartsnótur og fjórðapartspögn og kunni skil á söngheitunum.

Námsmat

Fyrst og fremst er um símat að ræða þar sem miðað er við áhuga, virkni, samvirkusemi og framkomu hvers nemanda yfir veturinn.

Heimilisfræði

Markmið

Heimilisfræðin fæst við að auka þekkingu og leikni í heimilisstörfum. Aðalinntaki heimilisfræðinnar má skipta í nokkra skylda námsþætti sem snerta daglegt líf nemenda. Þessir þættir eru næring og hollusta, matreiðsla og vinnubrögð, matvælafræði, hreinlæti, neytendafræði og umhverfisvernd.

Heimilisfræði fjallar um manninn og líf hans. Það er hagur hvers einstaklings að geta valið sér holla og góða næringu.

Í heimilisfræði er lögð áhersla á að nemendur geti búið til og framreitt einfalda máltíð, geti lagt á borð og kunni skil á helstu borðsiðum. Einnig er lögð áhersla á að þeir geti þvegið upp og gengið frá eftir sig. Nemendur eru þjálfaðir í að nota vörulýsingar og lesa og vinna eftir einföldum uppskriftum. Áhersla er lögð á að nemendur geri sér grein fyrir gildi þess að borða hollan og fjölbreyttan mat og að þeir geri sér grein fyrir slysaþættu við heimilisstörf.

Leiðir

Mikilvæg kennsluaðferð í heimilisfræði er verkleg þjálfun, einnig skipar bókleg kennsla stóran sess. Eitt af aðalatriðum kennslunnar er samvinna og samhjálp nemenda. Einnig er notast við innlagnir og sýnikennslu. Umræður eru snar þáttur í heimilisfræðikennslu auk verklegra æfinga, einstaklingsvinnu og hópinnu.

Námsmat

Engin próf eru í heimilisfræðinni en verklegar æfingar eru metnar með símati sem og virkni, hegðun og vinnusemi nemenda og birtast í skriflegu mati á vorin.

Myndmennt

Markmið

Markmið myndmenntarkennslunnar eru fjölþætt og miðast m.a. við getu nemenda á hverju stigi fyrir sig. Lögð er áhersla á að kenna vinnubrögð, meðferð efna og áhalda, frágang og umgengni í skólafunni. Nemendum er leiðbeint um vinsamleg samskipti, mikilvægi þess að sýna kurteisi og bera virðingu fyrir verkum annarra. Nemendur fá að vinna með ólík efni og hugmyndir í skapandi umhverfi og læra að starfa sjálfstætt en undir leiðsögn með það að leiðarljósi að starfið sé skemmtilegt og jákvæð útrás fyrir sköpunargleði.

Leiðir

Nemendur gera vinnumöppu og safna í hana verkefnum vetrarins. Áhersla er lögð á að kynna ýmsar aðferðir með fjölbreyttum áhöldum og eignum.

Farið er í grunnþætti í litafræði, formfræði, myndbyggingu, fjarlægðir í myndum, tilfinningar í myndum og túlkun. Unnin eru verkefni tengd náttúrunni, umhverfinu og árstíðum og notaður tilheyrandi efniviður, s.s. lauf, sprek og ber. Notuð er sýnikennsla, umræður, hópvinna og sjálfstæð vinna. Skoðaðar eru mismunandi stefnur í myndlist, innlendir og erlendir myndlistarmenn kynntir ásamt verkum þeirra. Persónuleg útfærsla er unnin í tengslum við stefnur og stíla, auk þess sem unnið er að ýmsum öðrum verkefnum.

Námsmat

Byggist á símati þar sem verkefni, iðni og vinnubrögð, vandvirkni, sjálfstæði og sköpun eru metin. Einnig er lagt mat á viðhorf og framkomu. Niðurstöður birtar í skriflegu mati að vori.

Textílmennt

Markmið

Lögð er áhersla á að stuðla að vinnugleði nemandans, sköpun með höndunum og að kynna fyrir honum nýjan og mjúkan heim textílmenntar. Einnig er lögð áhersla á að

nemandinn geti nýtt sér einföldustu aðferðir og vinnulag greinarinnar og notað ýmis heiti, áhöld og vélar sem tengjast textílmennit. Nemandinn er þjálfaður í að vinna eftir munnlegum fyrirmælum og skriflegum þegar hæfni til þess næst, um leið er verið að stuðla að sjálfstæði hans. Smám saman er lögð áhersla á að nemandinn geti unnið með eigin hugmyndir og nýtt þær við vinnu á verkefnum. Nemendur eru þjálfaðir í að þekkja í grófum dráttum uppruna og eiginleika helstu vefjarefna um leið og þeir nota hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefnum greinarinnar.

Leiðir

Kennslu- og námsaðferðir skiptast í verklegar æfingar, sýnikennslu, fyrirlestra og notkun myndmiðla. Lögð er áhersla á leitarnám, umræður og opnar spurningar ásamt myndsköpun og skriflegri og munnlegri tjáningu.

Námsmat

Í textílmennit fer mikill hluti tímans í verklega vinnu. Matsaðferðir beinast ekki aðeins að árangri verklegrar vinnu heldur er vinnuferlið sjálft mjög mikilvægur þáttur. Hvert stykki sem nemandi lýkur við er metið til einkunnar en einnig er litið til verkefnavinnunnar sjálfrar. Þar er horft á vinnubrögð, vinnusemi, áhugasemi, umgengni, vandvirkni, sjálfstæði, hvort nemandinn leggur sig fram, fer eftir fyrirmælum og er skapandi.

Hönnun og smíði

Markmið

Helstu markmið í hönnun og smíði eru að nemandur læri að umgangast og nota helstu handverkfæri og þeir kynnist eiginleikum þess efnis sem unnið er með í hvert skipti. Lögð er áhersla á að nemandur tileinki sér ábyrga umgengni og öryggisreglur við verklega vinnu og að þeir læri rétta líkamsbeitingu og hollustuvenjur við vinnu. Mikilvægt er að vekja og efla áhuga fyrir nytsömu og þroskandi tómstundastarfi sem gefur færi á að gleðja með því að skapa hluti sem hafa persónulegt gildi. Gott er að nemandur geti beitt verkunnáttu sinni í sínu daglega lífi.

Leiðir

Helstu leiðir að þessum markmiðum eru í formi innlagna og sýnikennslu þar sem verkefnið er útskýrt fyrir nemendum. Að öðru leyti er kennslan einstaklingskennsla. Reglulega eru nýjar aðferðir kynntar um leið og þær eldri eru æfðar. Nemendur vinna ýmsa hluti úr fjölbreyttum efnivið s.s. tré, plasti, gleri og málm. Lögð er áhersla á sjálfstæði og sköpun nemenda. Færniþjálfun er mikilvægur þáttur í hönnun og smíði og leitast er við að auka þekkingu og skilning nemenda á eðli greinarinnar. Mikilvægt er að nemandur fái þjálfun í að móta hugmyndir í efni með þeirri verktækni og verkþekkingu sem greinin býr yfir. Þá er lögð áhersla á sjálfstæða vinnu og sköpunarhæfileika nemenda um leið og þeir tileinka sér rétt vinnubrögð og rétta notkun verkfæra.

Námsmat

Þar er horft á vinnubrögð, vinnusemi, áhugasemi, umgengni, vandvirkni, sjálfstæði, hvort nemandinn leggur sig fram, fer eftir fyrirmælum og er skapandi. Einnig er hver hlutur sem nemandi lýkur metinn til einkunnar og kemur fram í skriflegu mati að vori.

Leiklist

Markmið

Helstu markmið í leiklist eru að nemendur kynnist og læri þá grunnfærni sem leiklistin krefst en það er að setja sig í spor annarra og geti flutt texta á áheyrilegan hátt. Lögð er áhersla á að nemendur setji upp leikverk jafnvel tengt bókmenntakennslunni og sýni á árshátíð skólans. Stór hluti af þessari vinnu er að efla félagsfærni nemenda, samvinnu og sköpun. Þetta tengist öðrum námsgreinum, einkum þáttum íslenskunnar svo sem ljóðum og framsögn.

Leiðir

Helstu leiðir að þessum markmiðum eru vinna með spuna og persónusköpun, texta, framsögn og raddbeitingu. Leikþættir eru æfðir með samlestri og síðan uppsetningu á sviði þar sem nemendur kynnast skipulagi leiksýningar, búningum, tímasetningum og notkun hljóðkerfis og leikmuna.

Námsmat

Kennari metur nemendur bæði sem einstaklinga og hluta af hópnum. Hann metur hvernig nemandinn hlustar á aðra hópa og hvernig hann sem áhorfandi metur hvernig til hefur tekist. Nemendur meta eigið framlag: eigið verkefni, sjálfa sig sem hluta af hópi og nemendahópar meta sameiginlega vinnuna innan hópsins. Flestar matsaðferðir í leikrænni tjáningu eiga við á öllum stigum grunnskólans.

Íþróttir

Markmið

Í íþróttum er lögð áhersla á að allir fái hreyfingu við sitt hæfi. Lögð er áhersla á að efla skyn-, hreyfi- og líkamsþroska, heilbrigði og líkamsvitund um leið og rækt er lögð við félags- og tilfinningaþroska. Sérstök áhersla er lögð á að auka þrek og almenna hreyfifærni s.s. jafnvægi, styrk og samhæfingu en um leið er horft til þess að íþróttir eru hentugt tæki til að efla nemanda sem félagsveru þar sem hann þarf að taka tillit til annarra, vinna með öðrum, sýna sveigjanleika í samskiptum o.s.frv. Einnig er þetta mikilvægur mótunartími þar sem nemendur einsetja sér að lifa heilbrigðu lífi og því mikilvægt að auka þekkingu og skilning þeirra á eigin líkamsstarfsemi. Lagður er grunnur að skilningi nemenda á mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttaiðkun og mikilvægi reglubundinnar líkamsræktar fyrir almenna heilsueflingu. Eitt af markmiðum skólastarfsins er að stuðla að því að íþróttir og útivist séu eðlilegur þáttur í lífi hvers einstaklings. Því eru nokkrir

dagar á skólaárinu notaðir til útivistar og íþróttaiðkunar. Má þar nefna gönguferðir, hlaupadag, frjálsíþróttadag, sleðaferðir, skautadag og fleira.

Leiðir

Áhersla er lögð á fjölbreyttar hreyfiprautir og smáleiki ýmiss konar sem efla félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska. Leikfimin er ýmist utandyra eða inni, þar er fyrst og fremst tekið mið af veðri. Gönguferðir, hlaupaleikir og fótbolti er hluti af leikfimikennslunni.

Námsmat

Matið byggir á því hversu áhugasamir nemendur eru í tímum, hversu mikið þeir leggja sig fram, hegðun þeirra og samstarfsvilja. Símat er viðhaft allan veturinn og árangurinn kemur fram í umsögn nemenda að vori.

Sund

Markmið

Í sundi er lögð áhersla á að nemendur nái valdi á þeim grunnatriðum sem þarf til að verða syndur. Stuðlað er að því að örva skyn- og hreyfiproska nemenda og auka jafnvægi og vellíðan þeirra í vatninu. Lögð er áhersla á að auka þrek nemenda og afkastagetu og stuðla þannig að heilbrigði einstaklingsins. Til að stuðla að auknu öryggi eru nemendur þjálfaðir í almennum umgengnisvenjum sundstaða. Áhersla er einnig lögð á að nemendur tileinki sér hreinlæti bæði fyrir og eftir sundtíma.

Leiðir

Nemendum er kennt sund á námskeiði á vorin, einnig er farið í sund þegar tækifæri gefst til í ferðalögum nemenda.

Kennsla miðast við ákveðin viðmiðunarstig sem gera ráð fyrir því að nemendur ljúki einu stigi á hverjum vetri. Sjá „Skólasund kennslumöppu fyrir 1.-10. bekk”.

Námsmat

Í 1.-3. bekk er gefin umsögn. Í 4.-10. bekk er gefin einkunn. Matið byggir á virkni nemenda, hegðun þeirra og framförum. Á milli bekkja er stuðst við sundstigin svo hægt sé að fylgjast með framförum nemenda. Gefin er umsögn og upplýsingar um hvort viðkomandi sundstigi hafi verið náð.

Byrjendakennsla

Skólaskylda á Íslandi hefst við 6 ára aldur. Það þýðir að það getur verið allt að eins árs munur á lífaldri barnanna og enn meiri munur á þroska þeirra. Ekki er ólíklegt að í skólabyrjun hafi einhver börn á sumum sviðum þroska sem svarar til 4 ára aldurs, en önnur hafi jafnvel náð þroska á við 8 ára börn. Sameiginleg einkenni barna á þessum aldri

eru þó mörg. Þau eru gædd ríku ímyndunaraflí, eru virk, forvitin og fróðleiksfús. Þau eru sífellt að gera sér skýrari mynd af veröldinni og efla skilning sinn á réttu og röngu.

Eitt af því sem einkennir þennan aldur er rík þörf barnsins til að kanna hluti og tjá sig á ýmsa vegu, fyrst og fremst í leik. Í leik þjálfast vitsmunir barns, félagsþroski, hreyfifærni, skynjun og mál og barnið fær tilfinningalega útrás. Við það að byrja í skóla hefst nýtt tímabil í lífi barna þar sem þau þurfa að læra að laga sig að breyttum aðstæðum sem m.a. felst í því að setja sig í spor annarra og tileinka sér ákveðnar samskiptareglur og starfsvenjur.

Markmið

Meginmarkmið í kennslu byrjenda sem og annarra skólabarna eru að stuðla að menntun og alhliða þroska hvers barns og leggja traustan grunn að námi og starfi. Áhersla er lögð á þekkingarleit þar sem barnið þroskar eiginleika sína, vitsmuni og tilfinningar í samspili við umhverfi sitt. Skólinn vill leitast við að veita öllum börnum öryggiskennd, raunsætt sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd og stuðla að alhliða þroska þeirra. Með alhliða þroska er átt við líkams- og hreyfiþroska, tilfinninga-, félags- og siðgæðisþroska, fagur- og vitsmunaproska.

Leiðir

Í skólabyrjun og öðru skólastarfi ber að leggja áherslu á að:

- stuðla að vellíðan barna í skóla þannig að þau öðlist þá tilfinningu að skólinn sé öruggur samastaður í leik og starfi.
- fræða nemendur og veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér hagkvæm vinnubrögð sem stuðla að stöðugri viðleitni til þroska og menntunar.
- efla sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd nemenda.
- örva sjálfstæða hugsun nemenda, þjálf þá í að bera ábyrgð á eigin athöfnum og viðfangsefnum.
- glæða skilning nemenda á eðli og nauðsyn félagslegra reglna, þjálf þá í að taka tillit til annarra og starfa saman.
- glæða fróðleiksfýsn nemenda, hjálpa þeim að skilja og nota hugtök, örva ímyndunarafl þeirra, gefa þeim tækifæri til að tjá sig á margvíslegan hátt og vinna sjálfstætt og skapandi.

Auk þessa þáttar er lögð áherslu á aga, vinnufrið og góða umgengni. Til að ná þessum markmiðum verða kennarar að kynnast sem best hverju einstöku barni og aðstæðum þess.

Samvinna við foreldra

Mikilvægt er að leggja grundvöll að góðri samvinnu við heimilin strax í skólabyrjun. Skólinn vill mynda gott samband við foreldra þar sem trúnaður og gagnkvæmt traust ríkir. Við byrjendakennslu í lestri er mikilvægt að taka tillit til þess hve lestrarerfiðleikar eru útbreiddir og að hefðbundið lestrarnám sækist mörgum nemendum seint.

Námsmat

Mat er lagt á stöðu og framfarir nemenda í fyrsta bekk eins og nemenda annarra bekkja í skólanum.

Sérkennsla

Samkvæmt barnalögum nr. 76/2003 á barn rétt á að lifa, þroskast og njóta verndar, umönnunar og annarra réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska og án mismununar af nokkru tagi.

Til að unnt sé að framfylgja þessu þarf oft að nýta sér sérkennslu. Sérkennslan er sú kennsla sem fram fer samhliða venjulegu skólastarfi, inni í bekk eða utan. Innan grunnskólans er alltaf ákveðið hlutfall af nemendum sem ekki geta nýtt sér að fullu þá kennslu sem fram fer í almennum bekk, orsakirnar fyrir því geta verið margvíslegar. Í skólanum er reynt að koma til móts við þessar þarfir nemenda. Börn geta þarfnast sérstakrar kennslu vegna tímabundinna erfiðleika eða til langframa.

Nýbúar er sá hópur nemenda sem sérstaklega þarf að fylgja eftir til að tryggja að þeir nái eins góðum tókum á íslenskri tungu og mögulegt er.

Ákveðinn hluti nemenda skarar svo fram úr í námsárangri að þeim hentar annars konar kennsla eða önnur viðfangsefni en bekkjarfélögum þeirra. Varðandi þessa nemendur hefur ekki verið fastmótuð stefna en þó er þeim leyft að fara á sínum hraða í t.a.m. stærðfræði og íslensku og eru þeir hvattir til að nýta hæfileika sína sem best í öllum fögum.

Markmið

Skólinn reynir eftir bestu getu að mæta ólíkum þörfum nemenda. Sérkennsla er stuðningur við nemendur eða nemendahóp sem þarfnast tímabundinnar aðstoðar eða samfellds stuðnings um lengri tíma, jafnvel alla skólagönguna. Leitast er við að styrkja sjálfsmynd nemanda með því að leggja áherslu á sterkar hliðar hvers og eins. Einnig er leitast við að ná þessu markmiði með jákvæðu viðmóti og virðingu fyrir einstaklingnum um leið og lögð eru fyrir verkefni við hæfi.

Kennarar ákvarða þörf einstakra nemenda fyrir sérkennslu í samráði við fagaðila þegar það á við. Ef um mikla sérkennsluþörf er að ræða er leitað eftir greiningu vandans og aðstoð frá sérfræðingum.

Leiðir

Sérkennsla getur farið fram ýmist innan eða utan bekkjarstofu þar sem unnið er með einum eða fleiri nemendum. Hvar og hvernig sérkennsla fer fram er ákveðið í samræmi

við aðstæður nemandans og metið hvers konar aðstoð muni nýtast honum best. Leitast er við að sjá nemendum fyrir verkefnum og kennsluaðferðum við hæfi, og beita markvissri þjálfun og fjölbreyttum leiðum til aðstoðar nemendum við að ná grundvallarfærni í lestri, ritun, móðurmáli og stærðfræði. Nemendur eru þjálfaðir í að bera ábyrgð á eigin vinnu og skilum á henni.

Námsmat

Í lok hverrar annar eru markmið í sérkennslu endurskoðuð og notuð við áframhaldandi markmiðssetningu.

Móttaka nýrra nemenda

Áður en nemendur hefja skólagöngu er nýjum nemendum boðið að koma í skólann og kynnst skólstarfinu. Tryggt skal að honum verði tekið með opnum huga frá byrjun. Ákveðnir nemendur eru valdir til að liðsinna nýjum nemanda fyrstu vikunnar og sýna honum skólann og nánasta umhverfi.

Móttaka nemanda sem ekki talar íslensku

Pegar óskað er eftir skólavist fyrir erlendan nemanda er:

- Afhent innritunareyðublað sem foreldrar fylla út í skólanum eða heima.
- Ákveðinn tími fyrir móttökuviðtal þar sem foreldrar og nemandi/nemendur mæta ásamt túlki ef þörf krefur.
- Skólinn sér um að panta túlk þegar þess gerist þörf. Reiknað er með 1,5 klst. í viðtalið.
- Athugað hvort læknisskoðun hafi farið fram. Mælst til þess að foreldrar panti skoðun ef svo er ekki.
- Foreldrar beðnir að hafa meðferðis heilsufarsupplýsingar og einkunnir frá fyrri skóla í móttökuviðtalið.

Bekkur valinn

- Skólastjórnandi velur bekk fyrir nemanda.
- Umsjónarkennara tilkynnt um væntanlegan nemanda, hvaðan hann er og móttökuviðtalið ákveðið í samráði við hann.
- Öðrum kennurum og starfsfólki skólans tilkynnt um væntanlegan nemanda.
- Skólastjóri og kennarar búa skólahópinu undir komu nýs nemanda.
-

Undirbúningur viðtals

Skólastjóri safnar saman þeim gögnum sem nota á í viðtalinu: Skóladagatal, skólareglur, upplýsingar um mat og drykk og skólaakstur.

Móttökuviðtal

Viðtalið sitja foreldrar og nemandi/nemendur (ásamt túlki, ef unnt er og þörf krefur), umsjónarkennari og skólastjóri. Í viðtalinu eru fengnar bakgrunnsupplýsingar um nemandann: Fjölskylduhagi, tungumál talað/töluð heima, fyrri skólagöngu, helstu styrkleika/veikleika nemandans og helstu áhugamál. Greint er frá því að nemendur úr skólanum hafa verið valdir sem stuðningsnemendur til að aðstoða nýjan nemanda við aðlögunina.

Eftirfarandi þættir útskýrðir:

- Stundaskrá bekkjarins. Farið yfir hverja kennslustund þannig að ljóst sé um hvaða námsgrein sé að ræða.
- Farið yfir reglur varðandi útivist í frímínútum.
- Farið yfir skóladagatal, alla sérmerкта daga, ferðalög og sundnámskeið á vorin.
- Símanúmer skólans kynnt. Einnig viðtalstímar kennara.
- Farið yfir skólareglur og mætingaskyldu.
- Greint frá mötuneytinu, verði á mat og fyrirkomulagi greiðslna.
- Ákveðið hvenær nemandi byrjar í skólanum.
- Farið í gönguferð um skólann þar sem helstu svæði eru kynnt.
- Yngri og eldri deild kynnt fyrir nemandanum og hann kynntur fyrir nemendum þar.

Fyrstu dagarnir

Foreldrar eru velkomnir með barninu í skólann eins og þeim þykir þurfa. Dæmi um þrjá fyrstu dagana – metist þó eftir aðstæðum í hvert skipt en hafa skal að leiðarljósi að fara rólega af stað.

Fyrsta skóladaginn eftir viðtal kemur nemandi/nemendur í skólann og er í tvo tíma með bekknum og bekkjarkennara.

Annar skóladaginn er nemandinn/nemendur í skólanum fram að hádegi og tekur þá þátt í þeim tímum sem eru á stundaskrá.

Ef nemandi/nemendur koma í skólann með skólabíl er mælt til þess hann verði ekki notaður fyrr en á þriðja degi og foreldrar sjái um að koma nemenda í skólann og sækja hann fram að því.

Stefnt er að því að þriðji skóladagur verði fullur dagur og skólabíllinn verði notaður þar sem við á.

Umsjónarkennari leiðir vinnu með aðlögun nemandans að bekknum og skólanum í samráði við skólastjórnendur og sérkennara.

Nýbúakennsla

Markmið

Íslenska sem annað tungumál er námsgrein fyrir nemendur sem hafa ekki nægilegt vald á íslensku til að stunda nám í íslenskum skólum til jafns við aðra nemendur. Markmið skólans er meðal annars að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda til að stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins, að styrkja sjálfstæði og sjálfsmynd nemenda, að nemendur verði færir um að skilja og nota íslenskt tungumál og að þeir verði hæfir þátttakendur í íslensku samfélagi. Nýbúar eiga að hafa sömu möguleika, réttindi og skyldur og aðrir nemendur. Efla skal hugtakaskilning og tryggja félagslega stöðu þeirra í skólanum.

Leiðir

Þeir nemendur okkar sem eru af erlendu bergi brotnir, og einnig þeir sem hafa dvalið langdvölum erlendis fá sérstaka aðstoð til lengri eða skemmri tíma. Skólinn veitir þeim aðstoð til viðbótar við almenna kennslu og er áhersla lögð á að nemendur öðlist sambærilega þekkingu og jafnaldrar þeirra samhliða íslenskunámi. Læsi og lesskilningur er sérstaklega þjáfað. Reglulega eru markmið í nýbúufræðslu endurskoðuð og notuð við áframhaldandi markmiðssetningu.

Skólabókasafn

Skólabókasafninu er ætlað að sjá nemendum skólans fyrir efni til frjálslestrar sem og handbókum við hæfi og ítarefni varðandi það nám sem fram fer í skólanum. Bókasafnið er í Hofgarði, sama rými og almenna bókasafnið fyrir íbúa sveitarinnar og hafa bæði nemendur og aðrir íbúar aðgang að báðum söfnunum. Nemendur hafa einnig aðgang að tölvu þar sem þeir geta leitað sér heimilda á netinu þegar verkefni þeirra bjóða upp á það.

Skólinn á gott samstarf við *Meningarmiðstöð Hornafjarðar*, og eru foreldrar og nemendur hvattir til að nýta sér þjónustu Menningarmiðstöðvarinnar á Höfn.



dreamstime.com

5. Forvarnir, stoðþjónusta og heilsugæsla

Forvarnir

Allir starfsmenn skóla þurfa að kunna skyndihjálp, einnig er mikilvægt að starfsmenn skóla æfi reglulega viðbrögð við mismunandi slysum. Öryggi nemenda í skólum ætta að vera

forangsmál og verður að grípa inn í ef barn sýnir af sér hegðun sem getur leitt til slysa. Gott að æfa mismunandi viðbragðsáætlanir og viðbrögð við ólíkum aðstæðum, svo sem alvarlegum slysum, eldi eða náttúruvá.

Öryggi

Húsnæði og skólalóðir skulu uppfylla kröfur laga um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerðar um búnað skólahúsnæðis og skólalóða, nr. 657/2009 aðalnámskrár grunnskóla, laga um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980, reglugerðar um öryggi leikvallartækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 942/2002 ásamt reglugerð um vélar og tæknilegan búnað nr. 1005/2009. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um grunnskóla og aðalnámskrá grunnskóla. Er það sérstaklega átt við að nemendum og starfsfólki skóla sé búið öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan svo sem varðandi hentugan húsbúnað, hljóðvist og lýsingu, fjölbreytni í náms- og leikaðstöðu og annan búnað.

Fyrirbyggjandi aðgerðir: mikilvægt er að starfsfólk skóla sé meðvitað um þá hættu í nánasta umhverfi sem nemendum getur stafað af svo sem af tækjum og tólum. Ganga þarf úr skugga um að ekki leynist hættur í umhverfi nemenda sem valdið geta slysum. Meta þarf hversu margir starfsmenn þurfa að vera til staðar bæði í skólahúsnæðinu og á skólalóð.

Hávaði: Til að meta áhrif á hávaða á nám og líðan nemenda í skólum er mikilvægt að við reglulegar kannanir á líðan nemenda í skólum sé spurt sérstaklega út í hljóðvist og vinnuaðstæður barna.

Matmálstímar, þegar heitur matur er á borðum er mikilvægt að hugað sé að öryggi nemenda. Ef boðið er uppá heitar súpur eða annan heitan vökva þarf að gæta þess að ekki hellist yfir þau eða þau brenni sig á annan hátt.

Bókaskápa og hillur á að festa við vegg óháð hæð. Einnig þarf að festa niður sjónvarpstæki/hljómtæki á vögnum.

Slysaþetta getur fylgt útidyrhurðum í skólum. Ganga þarf úr skugga um að hurðapumpa sé á útidyrhurð og að eftirlit sé með því að pumpan virki eins og til er ætlast.

Gæta þarf að því að þrep séu ekki hál.

Mikilvægt er að huga að hálkuvörnum í kringum skóla. Áður en starfsemi hefst í skólanum þarf að vera búið að hálkuverja. Sama gildir um snjómokstur.

Eftirlit með leikvallatækjum skal vera í samræmi við kröfur. Reglulega kemur eftirlitsmaður frá Höfn og fer yfir húsnæði skólans og skólalóð og fylgir því eftir að bæði húsnæði og skólalóð þ.m.t. leiktæki fylgi reglugerðum.

Slys, almannavarnir og viðbrögð við eldvörnum og náttúruvá sjá viðauka (tekið beint úr Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum (Mennta – og menningarmálaráðuneytið des. 2014)

Varðandi netöryggi hefur skólinn að leiðarljósi almenn viðmið um birtingu myndefnis, meðferð upplýsinga um börn á netinu og notkun samfélagsmiðla.

Sérkennsla

Grunnskólalögin gera ráð fyrir því að skólinn hagi störfum sínum í samræmi við eðli og þarfir hvers nemanda og stuðli að alhliða þroska hvers og eins. Til að unnt sé að framfylgja þessu þarf oft að nýta sér sérkennslu. Sérkennslan er sú kennsla sem fram fer samhliða venjulegu skólastarfi, inni í bekk eða utan, vegna þess að þörf er á svo sérhæfðri kennslu að henni verður ekki við komið í venjulegum bekk.

Innan grunnskólans er alltaf ákveðið hlutfall af nemendum sem ekki geta nýtt sér að fullu þá kennslu sem fram fer í almennum bekk, orsakirnar fyrir því geta verið margvíslegar. Í skólanum er reynt að koma til móts við þessar þarfir nemenda. Börn geta þarfnast sérstakrar kennslu vegna tímabundinna erfiðleika eða til langframa. Sérkennslan fer fram samhliða hefðbundnu skólastarfi, innan bekkjar eða utan.

Nýbúar er sá hópur nemenda sem sérstaklega þarf að fylgja eftir til að tryggja að þeir nái eins góðum tókum á íslenskri tungu og mögulegt er. Þess vegna er öllum nemendum með annað móðurmál en íslensku boðið upp á nýbúafræðslu svokallaða og eins hefur íslenskum börnum sem búið hafa erlendis um tíma verið boðið upp á svipaða kennslu ef þörf er á.

Ákveðinn hluti nemenda skarar svo fram úr í námsárangri að þeim hentar annars konar kennsla eða önnur viðfangsefni en bekkjarfélögum þeirra. Varðandi þessa nemendur hefur ekki verið fastmótuð stefna en þó er þeim leyft að fara á sínum hraða í t.a.m. stærðfræði og íslensku og eru þeir hvattir til að nýta hæfileika sína sem best í öllum fögum.

Námsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjöf er á vegum skólaskrifstofu sveitarfélagsins í samráði við starfsfólk skólans og forráðamenn. Hlutverk hennar er að standa vörð um velferð nemenda. Hlutverk hennar er einnig að leita lausna í málum þeirra og gæta þess að þeir búi við réttlæti innan skólans. Auk þess veitir hún upplýsingar og ráðgjöf um námsaðferðir og áframhald nemenda.

Náms- og starfsráðgjafi er bundinn þagnarskyldu um einkamál nemenda að undanskilydum ákvæðum í lögum um barnavernd nr. 80/2002.

Sálfræðiþjónusta

Sálfræðingur er starfandi við skólana í sveitarfélaginu. Hann veitir þjónustu sína með reglulegum heimsóknum til Hafnar frá Reykjavík. Hann veitir starfsfólki skólanna faglega ráðgjöf, annast greiningar á börnum og aðstoðar við ýmis mál. Einnig gefst foreldrum tækifæri til að ráðfæra sig við hann. Þeir sem vilja nýta sér þjónustu hans geta haft samband við kennara, skólastjóra eða yfirmanns skólaskrifstofunnar. Þjónustan er ýmist veitt með heimsókn sálfræðingsins í Hofgarð eða með heimsóknum nemenda/foreldra til viðtals á Höfn.

Talmeinafræðingur

Talmeinafræðingur veitir þjónustu sína með reglulegum heimsóknum til Hafnar frá Reykjavík. Hann veitir starfsfólki skólanna faglega ráðgjöf, annast greiningar á börnum og aðstoðar við einstök mál. Einnig gefst foreldrum tækifæri til að ráðfæra sig við hann. Þeir sem vilja nýta sér þjónustu hans geta haft samband við kennara, skólastjóra eða yfirmann skólaskrifstofunnar.

Skólahjúkrun

Skólahjúkrunarfræðingur heimsækir skólann a.m.k. einu sinni á ári. Eftirlit með líkamlegu ástandi nemenda fer fram í samvinnu skólahjúkrunarfræðings og heilsugæslulæknis. Eftirfarandi atriði eru athuguð sérstaklega hjá nemendum:

- 1. bekkur:
 - Kannað er hvort nemendur hafi farið í gegnum 5 ára skoðun á heilbrigðisstofnuninni fyrir skólabyrjun.
- 2. bekkur:
 - Hæð og þyngd
 - Sjón
- 4. bekkur:
 - Hæð og þyngd
 - Sjón
- 7. bekkur:
 - Hæð og þyngd
 - Sjón
 - Litarskyn hjá drengjum
 - Bólusett gegn mislingum, hettusótt og rauðum hundum, allt í einni sprautu.

Leiði skoðun hjá hjúkrunarfræðingi/lækni í ljós eitthvað sem þarf að athuga nánar, fær barnið tilvísun með sér heim eða haft er samband við foreldra þess símleiðis. Fyrir utan hefðbundið eftirlit er öllum nemendum skólans og foreldrum þeirra velkomið að leita til hjúkrunarfræðings á Heilbrigðisstofnun Suðurlands ef þeim liggur eitthvað á hjarta. Einnig sér hjúkrunarfræðingur um fræðslu til nemenda um ýmsa þætti s.s. persónulegt hreinlæti, næringu, svefn, hvíld og kynþroska.

Heilbrigðisráðuneytið ber ábyrgð á reglulegu eftirliti með tannheilsu nemenda. Skólahjúkrunarfræðingur kannar hvort nemendur fara til tannlæknis og minnir á það ef misbrestur er á því. Það er mjög mikilvægt að láta umsjónarkennara vita ef eitthvað er að hjá nemendum sem gæti haft áhrif á nám þeirra við skólann s.s. sjóndepra, heyrnarskerðing, astmi eða ofnæmi.

Lyfjagjafir

Í flestum skólum eru einhver börn sem þurfa að taka inn lyf á skólatíma. Börnin sjálf geta í engum tilvikum borið ábyrgð á lyfjatökunni og er ábyrgðin alfarið forráðamanna en umsjónarkennari viðkomandi barns getur aðstoðað það við lyfjatökuna.

Lyfin eru geymd á skrifstofu skólastjóra og sami aðili sem sér um að gefa þau á fyrirfram ákveðnum tíma. Skólastjóra og kennurum skal vera kunnugt um þessar lyfjagjafir. Farið er eftir tilmælum Landlæknisembættisins um lyfjagjöf í skólanum.

Svefn og svefnþörf

Börn á aldrinum 6 -16 ára þurfa að meðaltali 8 -12 klst. svefn á sólarhring. Sum þurfa meiri svefn en önnur og við minnum foreldra enn og aftur á að virða svefnþörf barna sinna. Ein algengasta ástæða skólaleiða er þreyta og svefnleysi og börn sem eru þreytt og leið eiga afskaplega erfitt með að tileinka sér það sem fram fer í skólanum. Einnig viljum við minna foreldra á að virða útvistarreglur.

Áfallaáætlun

Skrámur og minniháttar meiðsli eru meðhöndluð af kennurum og starfsfólki skólans. Ef minnsti grunur leikur á því að nemandi þurfi að komast til læknis t.d. til að láta sauma sár eða búa um meiðsli þá er haft samband við foreldra og ætlast til þess að þeir komi og taki við umönnun hans. Þurfi að senda nemanda á heilsugæslustöð fyllir skólastjóri út slysaskýrslu. Ef alvarlegt slys eða dauðsfall ber að höndum á skólatíma hvort sem er hjá nemanda eða kennara er kallaður til læknir og sjúkrabíll og umönnun viðkomandi sett í hendur heilsugæslunnar. **Strax er haft samband við aðstandendur.**

Beri alvarlegt slys eða dauðsfall að á skólatíma er unnið eftir áfallaferli sem er sambærilegt milli allra grunnskóla í Hornafirði. **Mikilvægt að allir nemendur fari í sínar heimastofur** þar sem umsjónarkennari eða skólastjórnandi gerir grein fyrir aðstæðum og róar nemendur. Nauðsynlegt er að nemendur viti í grófum dráttum hvað gerðist en fari ekki heim óvissir og með allskonar sögusagnir í kollinum. Í þeim bekkjum sem tengjast mest þeim slasaða eða látna er unnið eftir ákveðnu áfallaferli sem getur jafnvel náð til alls skólans þar sem samfélagið er svo lítið í Örfæfum.

Ef til þess kemur að nota þurfi áfallaáætlun þá er það skólastjóri sem heldur utan um þá vinnu.

Áföll sem þessi áætlun tekur til eru m.a.:

- Dauðsfall innan skólans, hjá nemanda eða starfsmanni.
- Alvarleg, lífshættuleg veikindi nemenda eða starfsmanna.
- Stærri slys innan skólans hjá nemanda eða starfsmanni þar sem kalla þarf til lækni og / eða sjúkrabíl.
- Dauðsfall í nánustu fjölskyldu nemanda (foreldrar, systkini).
- Hópslys innan sveitarfélagsins þar sem nokkur fjöldi manna slasast eða lætur lífið.
- Náttúruhamfarir í eða nærri heimabyggð.

Langvarandi veikindi

Þegar alvarleg veikindi koma upp á heimili nemanda verður hann oft fyrir áfalli sem m.a. getur brotist út með óryggi, hræðslu eða reiði. Því er mikilvægt að einhver fullorðinn tali um vandann við börn sjúklinga og sé tilbúinn til að svara spurningum sem hugsanlega vakna. Það eykur skilning barnanna á aðstæðum og hlífir þeim við óþarfa kvíða og vanlíðan.

Kennarar þurfa að vera á varðbergi gagnvart breytingum á hegðun barns og ræða við foreldra.

Mikilvægt er að skólinn fái upplýsingar um sjúkdóm foreldris, hvenær það er á sjúkrahúsi o.s.frv. Kennari þarf að geta svarað spurningum nemanda um sjúkdóminn. Kennari þarf að ráðfæra sig við foreldra hvernig tala skuli við barnið og hversu mikið eigi að segja því. Einnig þarf að ákveða hvað segja eigi bekkjarfélögum. Skólahjúkrunarfræðingur er til aðstoðar kennara. Kennari heimsæki barnið og ræði þessi mál við fjölskylduna. Það sama gildir um alvarleg veikindi systkina.

Mikilvægt er að barnið fái tækifæri til að virkja sköpunarhæfileika sína á meðan foreldrar eru veikir. Teikningar þeirra geta verið góður umræðugrundvöllur. Gott samstarf við heimilið er nauðsynlegt og getur verið ómetanlegur stuðningur við barnið.

Líkamleg og/eða andleg vanræksla

Starfsfólki skóla ber að fylgjast með líðan nemenda og gera ráðstafanir telji það að barn búi við andlega eða líkamlega vanrækslu. Í 17. gr. Barnaverndarlaga frá 2002 segir m.a.

“Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart.

Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna

eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr.

Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur framár ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.”

Barn sem búið hefur við andlega eða líkamlega vanrækslu á oft við áfallaröskun eða sorg að stríða og vinna þarf með barnið skv. því.

Kynferðisleg misnotkun

Ef grunur vaknar um kynferðislega misnotkun verður að tilkynna það til barnaverndaryfirvalda. Það er þeirra að skera úr um hvort grunur sé á rökum reistur. Hægt er að óska nafnleyndar þegar tilkynnt er.

Ferli mála sem tilkynnt eru:

Félagsmálaráð athugar málið og fylgir því til Barnahúss ef talin er ástæða til. Þar fer barnið í rannsóknarviðtal sem er greiningarviðtal í fjögur skipti. Síðan er meðferð sem er tíu skipti. Í Barnahúsi eru einnig tekin foreldraviðtöl.

Vinna í skólanum á eftir:

Æskilegt er að fundað sé með foreldrum viðkomandi nemanda u.þ.b. 3 mánuðum eftir að tilkynnt var um málið. Farið yfir stöðu mála og eftirmeðferð rædd. Skoða skal vel hvaða aðilar innan skólans fá vitneskju um málið, best er að það séu sem allra fæstir. Æskilegt er að á þennan fund mæti jafnvel aðeins einn aðili frá skóla. **Þetta eru mjög viðkvæm mál og því mikilvægt að sem fæstir hafi vitneskju um þau.**

Upplýsingar um mál eftir að kært hefur verið, fást aðeins frá foreldrum. Barnaverndarnefnd og Barnahús veita skólum engar upplýsingar eftir að málum hefur verið vísað til þeirra. Ef samstarf við foreldra gengur ekki er hægt að skrifa barnaverndarnefnd bréf þar sem upplýsinga um málið er óskað.

Ef starfsmaður skóla er grunaður um kynferðislega misnotkun er kært til lögreglu eða barnaverndarnefndar allt eftir eðli málsins og þeir aðilar sjá um framhaldið

Aldrei skal reyna að leysa þessi mál innan skólans.

Sorgarferlið

Ýmis atriði sem gott er að hafa í huga varðandi sorg, áföll og áfallahjálp

- Svefntruflanir. Fólk sem lent hefur í áföllum sýnir mismunandi einkenni streitu. Oft er talað um bráðaeinkenni og langvarandi álag.
- **Bráðaeinkenni** (t.d. eftir slys eða náttúruhamfarir):
 - Áleitnar hugsanir, viðkomandi upplifir slysið/áfallið aftur og aftur.
 - Kvíði, aðskilnaðarkvíði
 - Árásargirni, andfélagsleg hegðun.

- Átraskanir.
- **Langvarandi álag** (t.d. vegna sjúkdóma eða kynferðislegrar misnotkunar):
 - Viðvarandi streitueinkenni.
 - Viðkomandi forðast það sem minnir á áfallið.
 - Afturhvarf til fyrri þroska.
 - Svefntruflanir.
 - Árásargirni, andfélagsleg hegðun.
 - Átraskanir.

Við slys eða náttúruhamfarir verða viðbrögð fórnarlamba og hjálparfólks oft svipuð á margan hátt:

- Sálrænt skyndiáfall er oftast það fyrsta sem fólk upplifir. Aðstæður virðast óraunverulegar og oft finnst fólki það standa utan við atburðarásina, eins og það sé að dreyma eða horfa á sjónvarp. Þetta ástand gerir hjálparfólki oft kleift að halda tilfinningum sínum í skefjum og vinna verk sitt með markvissum hætti.
- Líkamleg viðbrögð af ýmsum toga eru oft mest áberandi í fyrstu, t.d. skjálfti, hraður hjartsláttur, sviti, ógleði, kviðverkir, köfnunartilfinning, öndunartruflanir og svimi.
- Atferli eða hegðun eru alla jafnan lítið afbrigðileg, þó getur borið á óróleika, ofvirgni eða sinnuleysi. Það getur þurft að fjarlægja ofvirka frá slyssað því það skiptir miklu máli að halda ró sinni.
- Tilfinningaleg viðbrögð eru jafnan lítil í byrjun, en geta brotist fram síðar sem kvíði, hræðsla, reiði, sorg eða sektarkennd. Þennan þátt þurfa starfsmenn skóla að vera meðvitaðir um og fylgjast vel með fórnarlambinu í langan tíma eftir áfallið.
- Skynjun og rökhugsun geta truflast. Þetta hefur í för með sér óraunveruleikatilfinningu, brenglað tímaskyn, tilhneigingu til að misskilja, mistúlka og draga rangar ályktanir. Allar upplýsingar og fyrirmæli þurfa því að vera hnitmiðuð og endurtekin.

Eftirköst

- Fyrstu dagana eftir válega atburði koma oft fram frekari viðbrögð hjá fórnarlambinu. Sumir þurfa að tala aftur og aftur um atburðinn og lýsa honum í smáatriðum. Þetta er leið til að koma skipulagi á hugsanir sínar og átta sig á því sem gerst hefur. Fórnarlömb fara stundum aftur og aftur yfir eigin gerðir á vettvangi og eiga það til að velta því fyrir sér af hverju þau komust af en ekki aðrir. Þessum hugsunum fylgja oft sektarkennd, skömm og reiði. Reiðin getur beinst að þeim sjálfum, fólki í nánasta umhverfi eða þeim sem hugsanlega báru ábyrgð á slysinu. Leiði, sorg og depurð eru líka algeng eftirköst.
- Börn syrgja til jafns við fullorðna og hægt er að greina margt sem er líkt með sorg þeirra, þó að þroski hafi þar mikið að segja. Sorg barna er ekki eins samfelld og sorg fullorðinna. Hún getur gert vart við sig við ákv. aðstæður í lífi barna og í hvert sinn sem barnið gengur í gegnum nýtt þroskaskeið öðlast það nýjan skilning á sorginni og dauðanum.
- Sorgarferlið er sú leið sem barnið fer í glímu sinni við sorgina til þess að laga sig að breyttum aðstæðum. Það er háð mörgum mismunandi þáttum sem varðar tengsl barnsins við hinn látna, aldur og þroska þess, aðstæður og fl. Það er mikilvægt fyrir

börn að fá að vinna sig í gegnum erfið viðbrögð og sárar tilfinningar sem fylgja sorginni á eigin hraða. Mikilvægt er að skólinn styðji sem best við bakið á barninu, með umvefjandi og um leið uppörvandi umhverfi.

Áfallastreita er hættuleg

- Rannsóknir hafa sýnt að í kjölfar náttúruhamfara eða stórslysa eru auknar líkur á líkamlegri vanlíðan fólks og sjúkdómum, auk sálrænna áhrifa.
- Hvort sem um er að ræða áfall af völdum slyss, náttúruhamfara, sjúkdóms eða andláts er mikilvægt að allir starfsmenn skólans sýni barninu nærgætni og tillitssemi og beri virðingu fyrir tilfinningum þess, hvernig sem þær brjótast út. Sumir vilja fá að vera í friði með tilfinningar sínar og þá á líka að taka tillit til þess.
- Hér skiptir höfuðmáli að **aðgát skal höfð í nærveru sálar**.
- Þegar kennarar þurfa að styðja nemendur sína í sorg standa þeir frammi fyrir því að takast á við eigin tilfinningar og viðbrögð. Sá sem ekki getur unnið úr eigin sorg né hefur áttað sig á eigin tilfinningum getur átt í erfiðleikum með að hjálpa öðrum sem syrgja. Kennarar sem ekki geta rætt um sorg, dauða og tilfinningar geta ekki hjálpað nemendum sínum í gegnum sorgarupplifanir.
- Í flestum tilfellum eru fáir eins mikilvægir og kennari bekkjarins sem þekkir nemendur sína náið.

Gátlisti kennara

- Gerðu þér grein fyrir eign tilfinningum og viðhorfum til dauðans um leið og þú gefur þér tíma til að horfast í augu við hvort tveggja.
- Kynntu þér ítarlega efni sem tengist dauðanum s.s. skilgreiningar, skilning, trúarleg viðhorf, útfararsíði og þess háttar.
- Sættu þig við að ekki fást svör við öllum spurningum sem varða líf og dauða. Þó er mikilvægt að hvetja nemendur til að ræða þetta, bæði um það sem við vitum og það sem enn fást engin svör við.
- Vendu þig á að nota viðeigandi orð um dauðann og það sem honum tengist.
- Kynntu þér skilning og viðhorf barna gagnvart dauðanum og hvernig þau breytast.
- Kynntu þér sorgarferlið.
- Reyndu að skapa andrúmsloft í bekknum þar sem einlægni og virðing ríkir.
- Virtu persónuleg viðhorf nemenda þó þau séu á skjön við þín eigin.
- Reyndu ávallt að spyrja á móti þegar börn spyrja þig svo að þú gerir þér betur grein fyrir því hvað börnin eru að hugsa. Svараðu eingöngu því sem spurt er um.
- Reyndu eftir fremsta megni að þekkja persónulegar aðstæður nemenda t.d. hvort þeir hafa misst einhvern sér nákominn.
- Varastu að leggja hömlur á nemendur þína, þó að þú takir þátt í umræðum með persónulegum hætti.
- Þegar fengist er við dauðann í skólastarfi þarf kennarinn að vera meðvitaður um viðhorf ólíkra trúarbragða til dauðans og lífsins eftir hann. Góðar handbækur eru til dæmis:
- Handbók Rauða krossins, *Sálrænn stuðningur í skólastarfi*. Þar er fjallað um fyrstu viðbrögð við mismunandi áföllum.

- Rauði kross Íslands: *Sálræn skyndihjálp og mannlegur stuðningur*. Bókin er í bókahillu skólastjóra.
- Handbókin *Til þín sem átt um sárt að binda*.
- Bókin *Börn og sorg*. Bókin er í bókahillu skólastjóra.
- Í ritgerðinni *Djúp er þögnin – dauði og sorg í skólastarfi* eru kennsluhugmyndir og aðferðir sem hægt er að nota þegar unnið er með sorg. Þar er einnig að finna lesefni fyrir nemendur sem fjallar um sorg og sorgarviðbrögð.

Aðilar utan skólans sem hægt er að leita til með aðstoð:

- Neyðarlínan 112
- Barna og unglिंगageðdeild LSP (BUGL) 543 4300
- Áfallateymi Landspítala Háskólasjúkrahús 543 1000
- Félagsmálastjóri Hornafjarðar 470 8000
- Heilsugæslustöð 470 8600
- Lögreglan á Höfn 478 1282
- Sóknarprestur á Höfn 4781450
- www.sorg.is



6. Skólabragur

Skólabragur mótast af þeim samskiptum sem viðgangast í skólanum. Þannig er skólabragur ólíkur milli skóla en í augum flestra er mikilvægt að hafa jákvæðan skólabrag sem ýtir undir jákvæð og uppbyggileg samskipti, eflir sköpunarkraft nemenda og ýtir undir

að þeir geri sitt besta í námi. Til að efla skólabraginn setur hver skóli sér ákveðinn ramma til að vinna eftir, s.s. uppeldisstefnu, eineltisáætlun, skólareglur og fleira.

Uppeldi til ábyrgðar / jákvæð agastjórnun

Í skólanum er beitt aðferðum sem kenndar voru á námskeiði dr. Önnu Lindar Pétursdóttur: Jákvæð agastjórnun, leiðir til að skapa hvetjandi námsumhverfi og að nokkru tekið mið af uppeldisstefnunni um *Uppeldi til ábyrgðar*. Með *Uppeldi til ábyrgðar* er reynt að efla ábyrgð nemenda á sínu eigin lífi, hvort sem er námslega eða félagslega og stuðla að því að þeir læri að taka ábyrgð á því. Öryggi er lagt til grundvallar í þessari uppeldisstefnu þar sem öðrum þörfum verður ekki fullnægt nema það sé til staðar. Öryggi nemenda er tryggt í skólareglum. Séu öryggisreglur brotnar getur viðkomandi þurft að sæta viðurlögum. Um leið og *Uppeldi til ábyrgðar* stuðlar að aukinni ábyrgð einstaklingsins á eigin lífi eykur það líkurnar á andlegri vellíðan, ánægju og hamingju. Með því að nota *Uppeldi til ábyrgðar og jákvæða agastjórnun* teljum við okkur stuðla að betra skólasamfélagi þar sem fleirum líður vel og ná að þroskast og læra meira en ella.

Réttindi og skyldur

Allir hafa ákveðin réttindi í skólanum en til að öðlast þau réttindi verðum við að læra að öllum réttindum fylgja ákveðnar skyldur sem við þurfum sjálf að bera ábyrgð á.

Ég hef rétt á... Mér ber skylda til...

- ...að mér líði vel og sé örugg/ur í skólanum
- ...að valda ekki öðrum skaða eða tjóni hvorki líkamlegu né andlegu
- ...að vinnuumhverfið sé rólegt og notalegt
- ...að stuðla að rólegu og notalegu vinnuumhverfi
- ...að vinnuumhverfið sé snyrtilegt
- ...að stuðla að snyrtilegu vinnuumhverfi
- ...að borin sé virðing fyrir mér sem einstaklingi
- ...að bera virðingu fyrir öðrum einstaklingi/einstaklingum
- ...að vita alltaf til hvers er ætlast af mér
- ...að vera stundvís og tilbúin/n til vinnu með tilskilin gögn, vilja og áhuga
- ...fjölbreyttu, áhugaverðu og sveigjanlegu námi
- ...að nýta sem best öll þau námstækifæri sem bjóðast og að hafa metnað til þess að nema og vinna
- ...að fá þá bestu kennslu sem völ er á
- ...að skila verkefnum á réttum tíma og að gera ávallt mitt besta við vinnu þeirra
- ...að tjá mig og að það sé borin virðing fyrir skoðunum mínum
- ...að hlusta á aðra og bera virðingu fyrir skoðunum annarra
- ...að vera metin/n eftir eigin verðleikum og verkum
- ...að meta aðra út frá þeirra eigin verðleikum, hæfni, frumkvæði, verkum og árangri
- ...að fá að njóta réttlætis og sanngirni
- ...að sýna öðrum sanngirni og réttlæti

- ...að skólinn beri hag minn ávallt fyrir brjósti
- ...að fara eftir og virða þær reglur og skyldur sem skólinn setur mér

Trúnaður

Allir starfsmenn skólans eru bundnir trúnaði gagnvart nemendum og því sem á sér stað í skólanum. Mikið er lagt upp úr því að halda þennan trúnað gagnvart nemendum, foreldrum og starfsfólki. Ef kennarar fá vitneskju um að lög séu brotin ber þeim hins vegar að tilkynna það réttum aðilum.

Útivist og hreyfing

Í skólanum er áhugi á að flytja hluta af starfinu út fyrir vegg hans eftir því sem aðstæður leyfa. Það er gert með vettvangsferðum, með því að hafa sem mest af verklegu námi og með því að hvetja kennara til að taka tíma í útivist og hreyfingu eins oft og hægt er. Mikilvægi heilbrigðra lífshátta verður seint ofmetið og er þáttur skólans í að stuðla að þeim mikill.

Það er erfitt að fastmóta eða dagsetja vettvangsferðir fram í tímann. Tilkynningar um þær eru sendar út eftir þörfum. Í slíkum ferðum þarf klæðnaður og fótabúnaður að vera við hæfi. Sömuleiðis verða skólinn og foreldrar að koma sér saman um umfang og kostnaðarskiptingu varðandi vettvangsferðir og ferðalög.

Vettvangsnám og skólaferðalög

Á vegum skólans er farið í vettvangsferðir og skólaferðalög auk þess sem farið er í ferðalög með nemendum Grunnskóla Hornafjarðar þegar tækifæri gefast. Vettvangsferðir eru hluti af skyldunámi nemenda og í þeim þurfa nemendur einungis að greiða uppihald en annar kostnaður greiðist af skólanum. Öðru máli gildir um skólaferðalög.

Skólaferðalög eru fyrst og fremst skemmtiferðir þó nemendur séu líka að læra nýja hluti þar. Því er alltaf leitað samþykkis foreldra fyrir því að fara í þau.

Nokkurra daga náms- og skemmtiferðir til Reykjavíkur eru á fárra ára fresti til þess að hver nemandi geti einu sinni á skólaferlinum farið í slíka ferð, þær miðast við eldri deild. Í ferðum á vegum skólans gilda almennar skólareglur og hafi nemandi gengið illa að framfylgja þeim í skólanum áskilja skólastjórnendur sér rétt til að neita nemandi um að fara í skólaferðalagið.

Félagslíf

Félagslíf á vegum skólans er með fremur hefðbundnu sniði. Má þar nefna dag íslenskrar tungu, litlu jólin, þorrablót, öskudagsskemmtun og árshátíð, auk ýmissa tilfallandi viðburða, oft í samstarfi við foreldra.

Eineltisáætlun

Einelti og annað ofbeldi líðst ekki undir nokkrum kringumstæðum í starfi á vegum skólans og starfsfólk mun gera allt sem það getur til að uppræta það.

Umsjónarkennari leggur áherslu á góðan bekkjaranda og samkennd meðal skólasystkina. Nemendur eru hvattir til að taka afstöðu gegn einelti og ofbeldi í verki með því að bregðast við til hjálpar og láta vita. Nemendur geri sér grein fyrir því að það að skilja útundan og hunsa er jafnmikið einelti og að hæðast að eða berja.

Á hverju ári skal leggja a.m.k. eina könnun fyrir nemendur um líðan þeirra í skóla og hvort einelti sé í skólanum. Mikilvægt er að þessar kannanir séu samanburðarhæfar. Einnig skal kanna á nokkurra missera fresti almennt viðhorf nemenda til skólans. Í því endurspeglast andrúmsloftið í skólanum jafnvel enn betur en í eineltiskönnun. Að auki skal kanna viðhorf starfsfólks og forráðamanna nemanda með reglubundnum hætti.

Mikilvægt er að starfsfólk skólans sé vel upplýst um hvernig einelti getur birst og afleiðingar þess fyrir gerendur og þolendur.

Mikilvægt er að boðleiðir innan skólans séu skýrar og þegar fram koma upplýsingar um einelti, hvort heldur sem er frá nemendum, foreldrum eða starfsfólki er mikilvægt að ákveðið vinnuferli fari af stað og að allir viti hvert þetta vinnuferli er. Það er síðan þessara aðila að vinna með eineltið.

Einn mikilvægasti þáttur í eineltisvinnu er forvarnir með nemendum þar sem áhersla er lögð á að fræða þá um einelti og afleiðingar þess og virkja þá til að taka afstöðu gegn því. Við þetta eru notaðar margvíslegar aðferðir s.s. fyrirlestrar, myndbandssýningar, umræður og ýmsir hlutverkaleikir.

Góð samvinna við heimili er mikilvæg til þess að okkur takist að leysa þau eineltismál sem upp kunna að koma. Þó ber að hafa í huga að einelti er oft mjög falið og langur tími getur liðið frá því að einelti hefst og þar til fullorðnir fá að vita af því. Með aukinni fræðslu um eineltismál eru þó meiri líkur á að þolendur og jafnaldrar láti fljótt vita af einelti.

Mikilvægt er að forráðamenn viti hvernig skólinn tekur á eineltismálum þannig að ef þeir hafa grun um einelti geti þeir öruggir látið vita af því og treyst því að unnið verði með málið á viðeigandi hátt. Einnig er mikilvægt að efla samskipti heimilis og skóla þannig að forráðamenn treysti starfsmönnum til að taka við upplýsingum um einelti og takast á við það. Þessi eineltisáætlun er m.a. ætluð til að treysta og efla þessi samskipti og skal hún vera aðgengileg t.d. á heimasíðu skólans þar sem krækjur eru inn á heimasíður fagaðila um einelti.

Einelti á ekki að vera feimnismál en óski forráðamenn eftir því að farið sé með málið sem trúnaðarmál ber að virða það.

Vinna þegar einelti kemur upp

Ef grunur leikur á að um einelti sé að ræða eiga starfsmenn skólans að fylgjast sérstaklega með viðkomandi einstaklingi og reyna að gera sér mynd af því hvernig og hverjir eru að áreita hann. Þar sem einelti er oft mjög falið og erfitt að koma auga á það er mikilvægt að starfsmenn haldi saman upplýsingum um atburðarrás, dagsetningar og samskipti eins nákvæmlega og mögulegt er. Komi upp einelti bregst skólinn við á eftirfarandi hátt:

1. Hver sem verður var við einelti eða hefur einhverja hugmynd um að slíkt eigi sér stað, skal þegar í stað hafa samband við kennara eða skólastjóra.
2. Kennari / skólastjóri skoðar málið og hefur samband við foreldra þess sem grunur leikur á að verði fyrir einelti.
3. Rætt er við þá nemendur sem tengjast málinu og foreldrum þeirra gerð grein fyrir stöðu mála.
4. Ef þurfa þykir kemur kennari / skólastjóri á fundi með viðkomandi aðilum.
5. Skólastjóri hefur samband við sérfræðipjónustu skóla ef þurfa þykir, sem aðstoðar við lausn málsins.

Vinna með þolanda og foreldrum þolanda

- Mikilvægt er að tryggja öryggi þolanda þegar í stað og honum gerð grein fyrir því að hann fái fullan stuðning frá skólanum.
- Umsjónarkennari eða skólastjóri ræðir við þolanda í einrúmi til að fá sem gleggstar upplýsingar um stöðu mála.
- Komi upplýsingarnar frá foreldrum getur nægt að hafa þær því ástand þolanda er oft mjög viðkvæmt á þessum tímamarki. Út frá þessum upplýsingum er framhald málsins ákveðið.
- Gott er að kennari/skólastjóri haldi fund með þolanda og forráðamönnum.
- Þolanda er gerð grein fyrir í hverju vinna gegn eineltinu sé fólgin og við hverju hann megi búast.
- Þolandi þarf að geta treyst því að í vinnu með eineltið verði hann ekki borinn fyrir upplýsingum.
- Nauðsynlegt er að brýna vel fyrir þolanda að hann láti vita ef einelti heldur áfram.

Oft eru eineltismál flókin og erfitt að segja til um hvenær eða hvort þeim lýkur. Þolanda líður gjarnan illa í kjölfar þess og mikilvægt er að efla og endurbyggja sjálfsmynd þolanda með markvissum hætti og líðan bæði í skóla og heima. Stundum er nauðsynlegt að leita stuðnings hjá fagaðilum s.s. sálfræðingi eða lækni. Af þessum ástæðum er mikilvægt að fylgjast vel með þolanda jafnvel þó að einelti sé lokið og halda góðu sambandi bæði við hann og forráðamenn hans.

Vinna með geranda og foreldrum geranda

Líkt og með þolanda þá er unnið eftir skilgreindu ferli með geranda þegar einelti kemur upp.

Til að byrja með er rætt við geranda og honum gerð grein fyrir alvarleika málsins. Viðkomandi er beðinn að láta af athæfi sínu og hann hvattur til að koma sjálfur með lausnir á málinu en annars hjálpað til að koma með lausnir á vandanum. Einnig er honum gerð grein fyrir að fylgst sé náíð með framkomu hans þar til hann hefur bætt ráð sitt. Gerandi er hvattur til að láta sjálfur foreldra eða forráðamenn sína vita um málið og biðja þá um að hafa samband við skólann samdægurs eða daginn eftir. Á meðan hefur skólinn ekki samband við heimilið nema um mjög alvarlegt tilfelli sé að ræða.

Í viðtalinu er lögð áhersla á að verið sé að hjálpa geranda, ekki að taka hann á beinið. Þó er gefið skýrt til kynna að eineltið sé ekki liðið og að af því verði að láta þegar í stað. Þannig er geranda gefinn kostur á að bæta ráð sitt og honum gerð grein fyrir því hvert framhald málsins verði gerist það ekki.

Hafi foreldrar eða forráðamenn geranda ekki samband við skólann þá er haft samband við þá og þeim gerð grein fyrir málinu. Þeim er þannig gefinn kostur á að ræða við barnið og vinna úr málinu.

Gott er að boða geranda og forráðamenn hans á fund í skólanum og koma á samstarfi milli heimilis og skóla. Kynna verður geranda og forráðamönnum hans ferlið sem unnið verði eftir láti ekki þegar í stað af eineltinu en lögð áhersla á að gerandinn komi sjálfur með hugmyndir að lausnum og fái hjálp til þess. Ferlið sem grípa þarf til ef ekki lætur af einelti er háð því hvar eineltið á sér stað og er í raun hið sama og gripið er til þegar nemendur eru með ólæti í skólanum.

Beri ofangreindar aðgerðir ekki árangur er málum vísað til sálfræðings, heilsugæslu eða annarra aðila sem geta veitt aðstoð. Haldi eineltið enn áfram getur skólinn vísað málum til skólayfirvalda, lögreglu eða barnaverndar. Einnig er foreldrum bent á að kynna sér fagráð eineltismála í grunnskólum, vefsíðan er gegneinelti.is

Mjög mikilvægt er að tryggja samvinnu við geranda og forelda geranda með áherslu á mikilvægi þess að hjálpa gerandanum.

Gerendur eiga oft í hegðunarvanda og takist ekki að vinna á honum með einföldum aðgerðum þá þurfa þeir oft á frekari aðstoð að halda utan skólans. Hafa ber í huga að gerendur eru í meiri áhættu en aðrir varðandi afbrot og fleira síðar á ævinni (sbr. Dan Olweus: Einelti meðal barna og unglinga bls. 13 og 19) og því full ástæða til að sinna þessum hóp og foreldrum þeirra.

Eftirfylgni

Eins og fram hefur komið er oft erfitt að segja til um það hvenær einelti lýkur og á sama hátt getur verið erfitt fyrir alla að treysta á að því sé lokið. Stundum virðist eineltismáli ljúka að lokinni vinnu með nemendum en alltaf er þó möguleiki á að það byrji aftur. Því er mikilvægt að vera vel vakandi yfir aðstæðum og fylgja málum eftir jafnvel þó einelti sé lokið.

Grsk. í Hofgarði fylgir þeirri stefnu sem Sveitarfélagið Hornafjörður hefur sett um varnir gegn einelti. Nálgast má þá stefnu á veffanginu <http://www.hornafjordur.is/stjornsysla/reglurogsamthykkir/stjornsysla> og þar má velja *Eineltisstefnu*.

Jafnréttissáætlun

Í Grunnskólanum í Hofgarði höfum við jafnrétti að leiðarljósi, markmiðið er að hver einstaklingur fái að njóta sín, bæði nemendur og starfsfólk. Einstaklingum er ekki mismunað eftir aldri, kynferði, kynþætti, fötlun, þjóðerni né vegna trúar- eða stjórnsmálaskoðana. Grunnskólinn í Hofgarði fylgir jafnréttissáætlun Sveitarfélagsins Hornafjarðar og hana má nálgast á vefslóðinni <http://www.hornafjordur.is/stjornsysla/reglurogsamthykkir/stjornsysla> Þar undir þarf að smella á *Jafnréttisstefnu* (en hluti af jafnrétti er líka það að forðast einelti og á sömu vefslóð má líka skoða *Eineltisstefnu* Sveitarfélagsins Hornafjarðar).

Skólareglur

Í grunnskólalögum er kveðið á um að í hverjum grunnskóla skuli settar skólareglur. Í þeim skuli m.a. kveðið á um almenna umgengni, samskipti, stundvísi, ástundun náms og heilbrigðar lífsvenjur. Þar skuli einnig koma fram hvernig brugðist sé við brotum á skólareglum.

Skólareglur eru til þess fallnar að auka öryggi nemenda, starfsfólks og foreldra því þær setja ákveðinn samskiptaramma sem öllum ætti að vera ljós. Þær eiga að auðvelda fólki að vita til hvers er ætlast og hvað gerist ef farið er út fyrir þennan ramma. Þannig auka skólareglur líkurnar á því að börn fái að þroska hæfileika sína og njóta bernskunnar í öruggu umhverfi. Starfsfólki skólans ber að leggja sig fram við að hjálpa nemendum til að fara eftir skólareglum, aðlagast þeim og njóta þess að ganga í skóla. Þannig verður skólinn bæði uppeldis- og menntastofnun.

Skólinn er vinnustaður nemenda, kennara og annarra starfsmanna. Þar hafa allir ákveðin réttindi en öllum réttindum fylgja ákveðnar skyldur. Í skólanum eiga allir rétt á því að þeim líði vel og fá tækifæri til að þroskast og læra á sínum forsendum. Þar hafa líka allir þær

skyldur að sýna öðrum kurteisi og tillitssemi svo þeir geti þroskast, lært og liðið vel innan um jafningja.

Nemendur bera ábyrgð á eigin námi og framkomu sinni og samskiptum með hliðsjón af aldri. Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks grunnskóla í öllu því sem skólann varðar.

Almenn kurteisi, tillitssemi og virðing er grundvallarstefið í skólastarfinu. Öllum geta orðið á mistök. Hver og einn verður að taka afleiðingum gerða sinna og læra af mistökunum.

Almennar reglur

Við sinnum hlutverki okkar

Við komum fram af kurteisi og sýnum tillitssemi

Við berum ábyrgð á eigum okkar

Við berum ábyrgð á gerðum okkar

Viðbrögð ef út af bregður

Ef nemandi brýtur reglur leitar kennari orsaka þess m.a. með viðtölum við nemanda eða nemanda og foreldra hans. Gerðar eru áætlanir um úrbætur og nemanda gefst tækifæri til að bæta fyrir brot án frekari viðurlaga. Beri viðtöl og samræður við nemanda ekki árangur og telji kennari sig þurfa að grípa til frekari viðurlaga gerir hann það í samráði við skólustjóra og foreldra. Ítrekuð brot á almennum reglum geta leitt til þess að nemandi þarf að taka afleiðingum gerða sinna líkt og um brot á öryggisleglu sé að ræða. Tekið skal fram að ítrekuð eða alvarleg brot á öryggisreglum geta leitt til þess að nemandi geti ekki fengið að fara með í ferðir á vegum skólans.

Öryggisreglur

Öryggisreglur snúast um að tryggja líkamlegt og andlegt öryggi allra í skólanum. Ef þær eru brotnar er undantekningarlaust gripið til viðurlaga í samræmi við aldur og þroska viðkomandi barns. Öryggisreglur eru brotnar þegar öryggi er ógnað með ögrandi framkomu t.a.m. með

- Andlegum eða líkamlegum meiðingum
- Alvarlegum ögrunum eða hótunum
- Notkun á tóbaki, áfengi eða öðrum vímuefnum
- Vopnum eða ígildi þeirra

- Þjófnaði
- Skemmdarverkum
- Áhættuhegðun

Viðbrögð ef út af bregður

Ef öryggisreglur eru brotnar er samstundis gripið til viðurlaga og er máli þá vísað til skólastjóra. Skólastjóri og umsjónarkennari taka ákvörðun um næsta skref. Við brot á öryggisreglum þarf nemandi alltaf að yfirgefa samnemendur sína í lengri eða skemmri tíma í samræmi við eðli og alvarleika brotsins. Oftast þýðir þetta að nemandi þarf að vinna einsamall í einhvern tíma eða missir af frímínútum. Lengd einverunnar fer eftir eðli og alvarleika brotsins og getur verið frá einum frímínútum eða einni kennslustund til þess að vera útilokaður frá því að vera með samnemendum sínum í tímum eða frímínútum í nokkra daga. Teljist brotið alvarlegt getur skólastjórnandi gripið til þess ráðs að vísa nemanda heim til næsta dags eða lengur sé um mjög alvarlegt brot að ræða. Ástæða þess að nemandi þarf að yfirgefa samnemendur sína er fyrst og fremst sú að tryggja öryggi þeirra og gefa nemendum í heild skilaboð um mikilvægi þess að öryggi allra sé í heiðri haft. Mikilvægt er að vinna með brot á öryggisreglum þannig að barnið læri og þroskist af mistökum sínum. Það er gert með aðferðum uppbyggingarstefnunnar þar sem rætt er við nemandann og hann hvattur til að koma með áætlun um úrbætur. Áætlun um úrbætur ætti alltaf að vera skrifleg. Til að byrja með fá nemendur aðstoð við að gera slíka áætlun en eftir því sem uppbyggingarstefnunni vex fiskur um hrygg aukast líkur á því að nemendur geti gert slíka áætlanir hjálparlaust hafi þeir aldur og þroska til. Foreldrar fá alltaf upplýsingar brjóti barn þeirra öryggisreglur og sé um alvarlegt brot að ræða gera nemendur áætlun um úrbætur í samráði við foreldra sína.



7. Samskipti heimilis og skóla

Foreldrar

Foreldrafundir eru vettvangur foreldra til að ræða saman um skólastarf og félagsstarf. Foreldrar og forráðamenn eru boðaðir á sameiginlega fundi einu sinni á hvorri önn og oftast ef þörf þykir.

Í formlegu sjálfsmati skólans eru árvissar kannanir lagðar fyrir nemendum, foreldra og starfsfólk. Við skólasetningu er farið yfir það með nemendum, foreldrum og starfsmönnum skólans hvað hefur verið ákveðið að kanna yfir skólaárið og við skólaslit er farið yfir niðurstöðurnar með sama hópi.

Skólaráð

Í Skólaráði eru skólastjóri, kennari og þeir foreldrar sem kosnir eru hverju sinni. Gert er ráð fyrir 1-2 fundum í ráðinu á hverju skólaári.

Viðtöl og vitnisburður

Skólaárið er tvískipt. Haustönn er fram að jólafríi, og vorönn er tímabilið janúar - maí. Helstu próf eru miðsvetrarpróf kringum annaskipti og vorpróf. Auk þess er símat og gefnar umsagnir á vorin. Foreldrum gefst kostur á einstaklingsviðtölum eftir samkomulagi og er velkomið að koma í skólann hvenær sem er eða hafa samband í síma eða með tölvupósti.

Heimanám

Þó mestur hluti námsins eigi sér stað í skólanum eru alltaf ákveðnir þættir sem þarf að þjálfra heima. Þar er lesturinn langmikilvægastur. Flest börn þurfa mikla æfingu í lestri og mikilvægt að foreldrar taki virkan þátt í lestrarnámi barna sinna til að tryggja að skólagangan nýtist þeim sem skyldi. Auk lesturs eru ýmsir námsþættir þjálfaðir heima.

Frjáls lestur

Kröfur um læsi eru sífellt að aukast í þjóðfélaginu á meðan samkeppni um tímann eykst stöðugt. Foreldrar eru því hvattir til að sinna þessum þætti vel og sjá til þess að börnin hafi alltaf nægilegt úrval af lesefni.

Forföll og leyfi

Sé nemandi ekki fær um að mæta í skólann vegna veikinda ber að tilkynna það að morgni skóladags. Leyfi geta forráðamenn sótt um hjá skólastjóra. Þegar nemandi fær leyfi bera forráðamenn hans ábyrgð á námi hans og sjá til þess að hann dragist ekki aftur úr. Kennara ber að senda með nemanda kennsluáætlun ef um langt leyfi er að ræða og því þurfa foreldrar að sækja um slíkt leyfi með góðum fyrirvara. Ef nemandi er veikur í

einhvern tíma verða foreldrar að meta hvort hann getur lært í veikindunum og nálgast þeir þá námsefni handa barni sínu og / eða málin eru leyst í samvinnu heimilis og skóla.

Heimili og skóli

Heimili og skóli - landssamtök foreldra eru frjáls félagasamtök sem starfa óháð stjórn málaflokkum eða trúfélögum. Foreldrar og forráðamenn barna geta gerst félagar í samtökunum og aðrir geta gerst styrktarfélagar. Samtökin veita ráðgjöf til foreldra og foreldrasamtaka og gefa út tímarit og ýmiss konar efni um foreldrastarf.

Samtökin voru stofnuð 17. september 1992. Markmið þeirra er að stuðla að bættum uppeldis- og menntunarskilyrðum barna og unglunga. Þúsundir foreldra eru félagar í samtökunum og með stuðningi þeirra hefur tekist að byggja upp þjónustu við foreldra og félög þeirra.

Útivistarreglur barna og unglunga

Börn 12 ára og yngri mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 20.00 frá 1. september til 1. maí og eftir kl. 22:00 frá 1. maí til 1. september, nema í fylgd með fullorðnum.

Börn 13 til 16 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 22:00 frá 1. september til 1. maí og eftir kl. 24:00 frá 1. maí til 1. september, nema í fylgd með fullorðnum eða á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu, sbr. 57. gr. laga nr. 58/1992.

Kennarar við skólann hvetja foreldra til að fara eftir útivistarreglum og minna á að svefnþörf barna og unglunga er að meðaltali 8-12 klukkustundir. Þreytt og illa sofin börn eru ekki líkleg til að tileinka sér það sem fram fer í skólanum og mun líklegra er að þau finni til skólaleiða.

